



HÁSKÓLI ÍSLANDS
Hugvísindasvið

Viður-eign Verunnar

-fyrirbærafræði Heideggers til bjargar mannkyninu

Ritgerð til M.A.-prófs

Ragnheiður Eiríksdóttir

September 2011

Háskóli Íslands
Sagnfræði- og heimspekideild
Heimspeki

Viður-eign Verunnar

-fyrirbærafræði Heideggers til bjargar mannkyninu

Ritgerð til M.A.-prófs

Ragnheiður Eiríksdóttir

Kt.: 250171-4129

Leiðbeinendur: Páll Skúlason og Björn Þorsteinsson

September 2011

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Viðureignin	7
2.1 Yfirlit.....	7
2.2 Ereignis sem Viður-eign	11
2.3 Viður-eign í ritum Heidegger.....	15
3. Um Framlögin	18
3.1 Um <i>Framlög til heimspekinnar (um Viður-eignina)</i>	18
3.2 Heidegger og fyrirbærafræðin.....	24
3.3 Frestun og afturfærsla	26
3.4 Frestun og afturfærsla með orðum	28
3.5 Ný orð	31
4. Sköpunin	33
4.1 Listamaðurinn	33
4.2 Opnunin.....	35
4.3 Aletheia	36
4.4 Orðin og tónlistin	39
4.5 Hölderlin	41
5. Flótti guðanna	45
5.1 Síðasti guðinn.....	45
5.2 Upphugsun	46
5.3 Austræn áhrif.....	48
5.4 Tækni og guð	50
6. Lokaorð/Niðurstöður	55
7. Viðauki	63
Heimildaskrá	65
i. Frumheimildir	65
ii. Aðrar heimildir	66

1. Inngangur

Þýska heimspekinginn Martin Heidegger (1889-1976) langaði alla tíð að komast að kjarna þess sem í heiminum er, án þess að styðjast endalaust við skilgreiningar á skilgreiningar ofan. Hann var frumlegur hugsuður sem fór ótroðnar slóðir, var hrifinn af andstæðum og stillti þeim gjarnan upp til að hafa sem mest áhrif og ögra lesendum sínum. Hann kom víða við í skrifum sínum og eftir hann liggur fjöldinn allur af bókum og greinum með heimspeki hans. Hann fékkst við fyrirbærafræði og verufræði, en einnig skrifaði hann texta í fagurfræði, frumspeki og texta sem mætti flokka sem túlkunarfræði (*hermeneutics*). Honum var hugleikið að nútímamaðurinn væri löngu kominn úr öllu sambandi við hlutina eins og þeir raunverulega voru áður en farið var að hugsa þá og skilgreina um of. Þar af leiðandi ætti maðurinn í mestu erfiðleikum með að vera til í heiminum því forsendurnar væru allar skekktar miðað við hvernig þær upphaflega voru. Stundum virðist sem Heidegger hafi litið á sjálfan sig sem einhvers konar leiðbeinanda eða útskýranda á heimsástandinu, sér í lagi á síðari hluta ferilsins þegar hann í auknum mæli fékkst við heimspekilega greiningu á tækni og vísindum og þeim vandamálum sem hann taldi að þau sköpuðu, eins og til dæmis guðleysi heimsins.¹

Heimspeki Heideggers og rannsóknum hans á verunni er hægt að skipta í tvennt, þar sem skrif hans í höfuðritinu *Veru og tíma*² frá 1927 hafa annan útgangspunkt en síðari skrif hans. Það er talað um að ákveðinn umsnúningur á hugsun hans hafi átt sér stað, og margar bækur verið ritaðar þar sem einungis þessi umsnúningur, sem á þýsku kallast *die Kehre*, er umfjöllunarefnið. Seinni tíma Heidegger hnýtir fremur í nútíma tækni og vísindi, og „Tímabil heimsmyndanna” („Die Zeit des Weltbildes”) er til dæmis texti frá árinu 1938 þar sem Heidegger ræðir meðal annars hnignun heimsins vegna of örra tækniframfara. Afstaða Heideggers til tækninnar er þó ekki einföld, því þrátt fyrir að hann setji sig upp á móti henni telur hann að maðurinn þurfi á henni að halda til að átta sig á firringunni og guðleysinu sem fylgir. Heidegger talar um „hið risastóra” (*the gigantic/das Riesenhafte*) og „hið hverfandi” (*the increasingly*

¹ „Tímabil heimsmyndanna”, bls. 116.

² Martin Heidegger: *Being and Time*, Albany, State University of New York Press, 1996.

small/das immer kleiner)³ og telur okkur ekki koma auga á hið hverfandi nema með hinu risastóra, og viðurkennir þannig mikilvægi hins risastóra, sem stendur eiginlega sem tákni fyrir tækniframfarir sem slíkar:

Hið risastóra er líklega það sem gerir að verkum að magn verður sérstakur eiginleiki og því merkileg tegund af mikilfengleika. Hvert sögulegt tímabil er ekki eingöngu merkilegt í samanburði við önnur tímabil, heldur hefur líka sín eigin merku hugtök. En um leið og hið risastóra skipuleggur, reiknar og hliðrar til -svo það geti tryggt breytingar út frá magni og verði sérstakur eiginleiki, þá verður hið risastóra, sem alltaf virðist vera útreiknanlegt, einmitt út af þessu óútreiknanlegt. Þessi óútreiknanlegheit verða að ósýnilegum skugga sem fellur á alla hluti alls staðar þar sem maðurinn hefur orðið að efni og veröldin að mynd.⁴

Þetta skil ég sem svo að Heidegger sjái tæknina sem svo öfluga að hún taki jafnvel fram úr sjálfri sér að lokum. Tæknin sem er alls megnug, sama hversu flókið það er, ætti að geta búið til vandamál svo flókið að hún sjálf leysi það ekki. Þetta hljómar svolítið eins og vinsæl spurning um guð almáttugan: „Ef guð er almáttugur, getur hann þá búið til svo þungan stein að hann lofti honum ekki?“

Þótt Heidegger hafi ógjarnan svör við öllum þeim spurningum sem hann varpar fram um nútímann tekst honum þó að varpa skugga á fullkomleika tækninnar, á sama tíma og hann bendir á mikilvægan þátt hennar í því að maðurinn upplifi ófullkomleika og hverfi frá villu sinni og guðleysi. Ástand heimsins á tímum Heideggers hefur þó vart getað hafa verið orðið það slæmt, miðað við hvernig við þekkjum og upplifum heiminn í dag. Engu að síður taldi Heidegger að opna þyrfti augu manna fyrir því ástandi sem ríkti og skrifaði marga texta sem túlka mætti sem nokkurs konar tilraun til björgunar mannkyni.

Í heimspeki Heideggers má finna nokkur höfuðstef og fíring mannsins sökum of örra tækniframfara er einungis eitt þeirra, þótt það komi reglulega fyrir í textum hans.⁵ Heidegger fæst þó allra helst við veru manns í heimi, tungumálið og

³ „Die Zeit des Weltbildes“, bls. 87.

⁴ „Tímabil heimsmyndanna“, bls. 134-135, þýðing mín.

⁵ Sjá til dæmis „Tímabil heimsmyndanna“ („Die Zeit des Weltbildes“), 1938, og „Spurningu er varðar tæknina“ („Frage nach der Technik“), 1954.

fyrirbærafræðilegar rannsóknir, en þeim kynntist hann hjá læriföður sínum, þýska fyrirbærafræðingnum Edmund Husserl (1859-1938).

Í þessari ritgerð ætla ég að fjalla um ákveðið heimspekiahugtak eða fyrirbæri sem Heidegger kallar *Ereignis* og ég þýði með íslenska orðinu Viður-eign, en ég fer nánar út í þýðinguna hér á eftir. Þetta hugtak tilheyrir seinni tíma Heidegger og birtist víða í ritum hans, en það er fyrst í ritinu *Framlög til heimspekinnar (Um Viður-eignina) (Beiträge zur Philosophie (Vom Ereignis))*⁶ sem heil bók er tekin undir efnið. Það er nauðsynlegt að fara yfir grunn fyrirbærafræðinnar til að skilja hvaðan Heidegger hefur fengið kveikjuna að hugmyndum sínum um Viður-eign, og feta sig þaðan að þeim hugsunarhætti sem Heidegger kynnir til sögunnar, með þeim nauðsynlegu hléum og útdúrurum sem þarf á að halda til að skilja efnið betur. Ég vonast til að geta varpað ljósi á hugmyndir Heideggers um Viður-eignina sem aðferð sem maðurinn gæti tileinkað sér til að fá nýjan útgangspunkt í líf sitt, og sleppa við firringu tæknivædds heims.

Mikilvægustu rannsóknarspurningarnar eru annars vegar um Viður-eignina (*Ereignis*) og hvort hún sé manningunni nothæft tæki til verurannsókna, til endurnýjunar hugsana og í baráttu við klisjur og firringu. Hins vegar er vert að kanna hvort *Framlög*in bæti einhverju við þá heimspeki Heideggers sem þegar hafa birst í öðrum ritum hans.

Í ritgerðinni eru, auk inngangs og lokaorða, fjórir meginkaflar: Viður-eign, *Um Framlög*in, Sköpun og Flótti guðanna. Viður-eign hefst á sögulegu yfirliti yfir þróun á heimspeki fyrri tíma Heideggers, eins og til dæmis í *Veru og tíma*, til seinni tíma Heideggers, eins og til dæmis í *Framlög*unum. Þá er Viður-eignin eða *Ereignis* útskýrt og farið yfir hvar hugtakið má finna í ritum Heideggers. Í þriðja kafla, *Um Framlög*in, geri ég grein fyrir ritinu *Framlög til heimspekinnar (Um Viður-eignina)* og fer yfir bakgrunn Heideggers í fyrirbærafræði, og hvernig hann nýtti sér tæki fyrirbærafræðinnar ásamt hugmyndum sínum um þörf á nýju tungumáli til að móta hugmynd sína um aðra byrjun. Í fjórða kaflanum, Sköpun, er áherslan á mikilvægi ljóðskálda og sköpunar fyrir kenningu Heideggers um Viður-eignina, og hvernig sköpunarkraftur nýrra orða býr að lokum til þá opnun sem hugsun okkar þarf á að

⁶ Martin Heidegger: *Contributions to Philosophy (From Enowning)*, Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press, 1999. Notast er við ensku útgáfu textans í þessari ritgerð og þýðingar mínar eru úr ensku yfir á íslensku. Til einföldunar er hér á eftir vitnað í þetta rit sem *Framlög*in.

halda til að komast í nauðsynlegt flæði til að nálgast Veruna. Fimmti kaflinn er tileinkaður guði eða skorti á honum, og einnig fer ég yfir austræn áhrif á kenningar Heideggers. Í lokaorðunum reyni ég að draga saman aðalatriði hugmynda Heideggers um Viður-eignina og fer yfir möguleg svör við þeim spurningum sem ég lagði af stað með. Ég velti fyrir mér hvort Heidegger hafi tekist að búa til aðferð fyrir manninn til að viðhalda ferskleika hugmynda sinna, í sífellt flóknari heimi, og hvort *Framlögin* bæti raunverulega einhverju við þá heimspeki sem kom út á höfundaferli hans.

Sökum þess hve textinn sem Heidegger skrifar í *Framlögum* er tyrfinn og tilraunakenndur er nauðsynlegt er að skoða hann í samhengi við aðra texta Heideggers sem ritaðir voru á undan og á eftir til að ná betur utan um inntak hans. Þá er gagnlegt að rýna í aðra texta Heideggers eins og „Tímabil heimsmyndanna”,⁷ „Bréf um mannhyggju”⁸ og „Uppruna listaverksins”⁹ til að átta sig á hugsun Heideggers. Þessi rannsókn færir mig á slóðir tungumálsins og mikilvægis þess fyrir heimspeki og rannsóknir Heideggers, og gerir mér kleift að drepa niður fæti hjá nokkrum öðrum hugsuðum sem vert er að bera hann saman við.

2. Viðureignin

2.1 Yfirlit

Að sögn Heideggers sjálfs eru *Framlög til heimspekinnar (Um Viður-eignina)*, sem samín voru á árunum 1936-1938 en komu ekki út fyrr en árið 1989, 13 árum eftir að hann lést, annað höfuðrit hans ásamt *Veru og tíma (Sein und Zeit)* frá árinu 1927. Á milli þessara rita hefur orðið greinileg þróun á hugmyndum Heideggers. Nánar tiltekið er almennt talað um að þessi tvö rit tákni fyrri tíma og seinni tíma Heidegger, og umsnúningurinn átt sér stað eftir útkomu *Veru og tíma*.

Til að gefa gleggri mynd af hugmyndum Heideggers í *Framlögum* er ágætt að fara yfir og útskýra heimspeki *Veru og tíma*. Umsnúningurinn sem á sér stað á hugsun hans er fyrst og fremst tengdur rannsóknum hans á verunni, en í *Veru og tíma* leitaðist

⁷ „Die Zeit des Weltbildes”, 1938.

⁸ „Brief über den Humanismus”, 1947.

⁹ „Der Ursprung des Kunstwerkes”, 1935.

hann við að útskýra sjálfa veru alls sem er út frá veru mannsins. Hann taldi að spurningar um sjálfa veruna væru þær spurningar sem mestu skiptu fyrir heimspekina, og að Forn-Grikkir, fyrir tíma Platons (um 427 f.Kr. – 347 f.Kr.) hafi áttað sig á því og fengist við slíka heimspeki. Síðari tíma heimspekingar hafi lagt meiri áherslu á veru þeirra hluta sem fyrirfinnast í heiminum, og með því móti verið að hlutgerva veruna sjálfa.

Í *Veru og tíma* kýs Heidegger að nálgast veruna með því að spyrja fyrst um þá veru sem sjálf getur spurt spurninga um veruna sem slíka, eða veru mannsins sem Heidegger kallar Dasein. Þetta þýska orð þýðir í raun tilvera, en með því að fara höndum sínum um það og brjóta það upp í Da-sein breytir Heidegger merkingu þess, og nú þýðir það þar-vera, eða vera sem nauðsynlega er staðsett einhvers staðar. Hann telur okkur einungis hafa aðgang að verunni sem slíkri í gegn um okkar eigin veru, en vera alls sem er birtist á ákveðinn hátt fyrir hvert Da-sein fyrir sig. Einungis á þann hátt getur hver og einn skoðað sjálfa veruna. Um Dasein segir Heidegger:

Dasein er vera sem birtist ekki einfaldlega meðal annarra vera. Fremur er hún verufræðilega skilgreinanleg (*ontisch ausgezeichnet*) af þeirri staðreynd að í veru sinni er þessari veru umhugað *um* veru sína.¹⁰

Örlitlu síðar segir hann: „*Seinsverständnis ist selbst eine Seinsbestimmtheit des Daseins*“, sem þýða má svona: „*Veruskilningurinn sjálfur ákvarðar veru Dasein*“.¹¹

Dasein er samkvæmt þessu vitund manns um veru sína í heimi og við það að skilja veruna skilur maðurinn sjálfan sig í leiðinni.

Gallinn við að nota Dasein eða veru mannsins felst hins vegar í því að vera ávallt staddur í sjónarhorni hvers manns fyrir sig, og Heidegger lenti í erfiðleikum með að losna úr því. Þess vegna tókst honum ekki að komast að neinu almennu um veruna sjálfa með því að skoða veru mannsins.

¹⁰ *Vera og tími*, bls. 10, *Sein und Zeit*, bls. 12, þýðing mín.

¹¹ *Vera og tími*, bls. 10, *Sein und Zeit*, bls. 12, þýðing mín.

Umsnúningurinn í síðari tíma heimspeki Heideggers fólst í að skýra veru mannsins út frá verunni sem slíkri. Fyrst sjálf veran birtist hverri mannveru sérstaklega og á mismunandi vegu eftir því hver átti í hlut, varð Heidegger að færa útgangspunkt verurannsókna sinna til hinnar óbreytanlegu veru, og reyna að útskýra Da-sein út frá henni, og heimspeki *Framlaganna* er meira í líkingu við það.

Heidegger lýsti því yfir að hann hafi ætlað að skrifa nokkurs konar sjálfstætt framhald af *Veru og tíma* þar sem hann útfærði kenningar hennar áfram, en sú bók kom ekki út. *Framlögin* voru skrifuð á árunum 1936-1938 en þar er alls ekki um að ræða framhald af þeim hugsunum sem útfærðar voru í *Veru og tíma*, og komu *Framlögin* fyrst út árið 1989, 13 árum eftir dauða Heideggers. Hann gaf út fjöldann allan af ritgerðum, fyrirlestrum og ritum sem sum hver innihalda hluta af þeim hugmyndum sem Heidegger hafði skrifað í *Framlögin*, enda innihalda þau alls ekki eitt heilstætt kenningakerfi. Fremur líktist bókin dagbók með hugmyndum höfundar, eða teikniborði, þar sem þær urðu til og voru svo fullunnar og slípaðar í öðru samhengi. Þarna eru margar ólíkar hugmyndir sem tengjast stundum óljóst en innihalda, ef vel er að gáð, einn samhangandi þráð sem hægt er að vinna með.

Ein af ástæðunum fyrir því að hann kaus í sífellu að fresta útgáfu *Framlaganna* gæti mögulega verið vegna úrvinnslu hugmyndanna sem þar er að finna í önnur rit sem síðar komu út. Til dæmis má í *Framlögunum* finna hugmyndir sem birtust í *Bréfi um húmanisma* (*A letter on Humanism/Brief über den Humanismus*, 1947), í þremur fyrirlestrum frá árinu 1951: *Byggja lifa hugsa* (*Building Dwelling Thinking/Bauen Wohnen Denken*), *Hlutturinn* (*The Thing/Das Ding*), og *...Maðurinn dvelur ljóðrænt...* (*...dichterisch wohnet der Mensch.../...Poetically Man Dwells...*), og einnig í „Spurningu er varðar tækni“ („The Question Concerning Technology“, *Die Frage nach der Technik*“, 1953).

Í stuttu máli eru hugmyndir Heideggers um Viður-eignina nokkurn veginn svohljóðandi: Hann telur að mennirnir hafi glatað sambandi sínu við veru alls sem í heiminum er, þar með talið sambandi við sína eigin veru, og að þessi þróun hafi magnast með tilkomu örra tækniframfara og iðnbyltingarinnar, eins og fram kemur til dæmis í 58. kafla *Framlaganna*. Þar talar Heidegger um þrjú auðkenni þess að nútímann skorti tengingu við Veruna, og eru það útreiknanleiki (*calculation/die*

Berechnung), hröðun, (*acceleration/die Schnelligkeit*) og fjöldamenning (*massiveness/Massenhafte*).¹² Þegar allt er útreiknanlegt finnst mönnum að ekkert sé lengur ómögulegt og því óþarfi að spyrja mikilvægra spurninga, sem áður voru hafðar að leiðarljósi. Hraðinn á öllu kemur í veg fyrir að fólk bíði rólegt eftir að hlutir þroskist og þróist. Heidegger lýsir því reyndar afar vel hversu nútímamaðurinn, sem er orðinn háður skyndilausnum, hefur glatað hæfileika sínum til að halda athygli nema rétt í örskotsstund í einu:

Áráttu í hið óvænta, og í það sem kemur okkur í opna skjöldu og hrífur okkur strax og í sífellu á mismunandi vegu; hið flöktandi sem helsta lögmál þess sem er fast fyrir. Það er nauðsynlegt að gleyma hratt og týna sér í því sem kemur næst.¹³

Maðurinn hefur misst sjónar á ástæðunum fyrir athöfnum sínum, eða hvaða hlutverki mismunandi athafnir gegndu í lífi hans. Framþróun tækninnar reif manninn upp með rótum og skolaði honum ávallt lengra frá upphaflegu ástandi sínu. Tækniframfarirnar efldu trú mannsins á hinn vísindalega sannaða sannleika og maðurinn fór að efast um grunnildi sín. Rótleysið jók enn á furringuna sem hraði tækninnar skóp og maðurinn gat því ekki miðað líðandi stundu við neitt sem var upprunalegt eða traust. Viðmið mannsins fyrir líðandi stund og atburði varð því að lokum einungis nýliðnar stundir og atburðir; þ.e.a.s. við skilgreindum heiminn og okkur sjálf upp á nýtt út frá síðustu skilgreiningu. Vegna þessa fjarlægðumst við í sífellu uppruna okkar.

Að lokum er svo komið fyrir manninum í heiminum að hann veit vart lengur hver hann er, hvar hann er eða til hvers hann er. Þetta verður til þess að hann reynir í sífellu að endurskilgreina sig, til að ríma við það splunkunýja umhverfi nútímans sem hann finnur sig í. Heidegger talar um upplýsingar sem ekki er hægt að skilja:

¹² Martin Heidegger: *Contribution to Philosophy (From Enowning)*, bls. 84-85, þýðing mín. Þýsku orðin fundust á <http://ept.sagepub.com/content/2/1/35.full.pdf+html> í grein Stuarts Elden „Taking the Measure of the Beiträge : Heidegger, National Socialism and the Calculation of the Political“, bls. 39.

¹³ Martin Heidegger: *Contribution to Philosophy (From Enowning)*, bls. 84-85, þýðing mín.

Þetta lýsir aðferðinni sem hver og einn fær upplýsingar eftir – kallast á við útreiknanleika, hraða og almenna dreifingu á óskildum upplýsingum til eins margra og mögulegt er, á sem mögulega stystum tíma.¹⁴

Þarna hljómar Heidegger eins og véfrétt sem spáir fyrir um internetið, sem á þessum tíma átti marga áratugi í að verða að veruleika. Útkoman, vegna hraðans sem á öllu er, er afar slæm: Sífelld minnkandi dýpt og aukin yfirborðsmennska í því sem maðurinn tekst á við sökum þess að hann þarf að tileinka sér svo margt og kemst sjaldan til botns í því. Það er líkt og maðurinn þurfi sífelld að smyrja stærri flöt, en hafi alltaf jafnmikið smjör til verksins.¹⁵

Að lokum er firringin alger og manningnum finnst hann alls ekki þekkja heiminn eða sig sjálfan í honum og hér grípur Heidegger inní og bendir á færa leið fyrir manninn til að komast út úr þessum ógöngum, og kynnir okkur fyrir Viður-eigninni.

2.2 Ereignis sem Viður-eign

Framlög til heimspekinnar (Um Viður-eignina) fjallar sumpart um sömu eða svipuð efni og *Vera og tími* gerði, en þó er Da-sein breytt. Þróun á hugtakinu Da-sein milli bókanna tveggja felst í nokkurs konar forskilvitlegu stökki mannsins. Í ritgerð Miguel De Beistegui „The Transformation of the sense of *Dasein* in Heidegger's *Beiträge zur Philosophie (Vom Ereignis)*“¹⁶ er sérstaklega farið yfir þetta. Í *Framlögum* kýs Heidegger að losa Da-sein undan einstaklingnum, eða manningnum sjálfum, en í *Veru og tíma* var Da-sein maðurinn. *Vera og tími* var því gjarnan útskýrð og um hana fjallað á tilvistarlegum eða mannfræðilegum nótum, en í *Framlögum* reynir Heidegger að forðast það með því að spyrja um sjálfa Veruna í stað þess að tala um Da-sein sem er Vera og maður, saman í heimi.¹⁷ Við þetta verða ákveðin skil þar sem

¹⁴ Martin Heidegger: *Contribution to Philosophy (From Enowning)*, bls. 85, þýðing mín.

¹⁵ Internet dagsins í dag og gagnvirkni þess er eins og þetta smjörslag. Á netinu finnast upplýsingar um allt milli himins og jarðar en þar sem hver sem er getur sett þær inn og breytt þeim, eru þær hvorki endanlegar né djúpar. Sífelld meira bætist við á hverjum degi en dýptin eykst ekki að sama skapi, sökum athyglisbrests nútímamannsins. Yfirborðsmennskan skín í gegn á samskiptavefum og bloggsíðum þar sem fólk hefur skoðanir á öllu en hefur ekki kynnt sér neitt til fullnustu. Smjörlagið dekkar allt, en einungis þegar þunnt er smurt.

¹⁶ Miguel De Beistegui: „The Transformation of the sense of *Dasein* in Heidegger's *Beiträge zur Philosophie (Vom Ereignis)*“ *Research in Phenomenology*, 2003.

¹⁷ Miguel De Beistegui: „The Transformation of the sense of *Dasein* in Heidegger's *Beiträge zur Philosophie (Vom Ereignis)*“, bls. 229.

Da-sein hættir að vera maður og verður möguleikar manns í áframhaldandi Veru sem líður.¹⁸

Þegar Da-sein er ekki lengur maður, heldur verufræðilegar forsendur fyrir því að maður geti verið, er hugtakið sem slíkt opið og tómt. Þessi breyting kemur til vegna þess að Heidegger er að reyna að draga úr áherslunni á manninn, að hann sé í brennidepli. Það er veran sjálf sem verið er að spyrja um, en ekki hvað hún sé heldur hvernig hún haldi áfram, „...það þarf að færa áhersluna frá hinni frumspekilegu spurningu um „hvað” til hinnar for-frumspekilegu spurningar um hvernig.”¹⁹

Með þessari áherslubreytingu opnast hugtakið Da-sein og við opnunina opinberast hinn forskilvitlegi sannleikur um veruna. Þegar Heidegger hefur opnað Da-sein í *Framlögum* og það er laust undan tengingu við manninn, er það tómt og Heidegger telur sig þurfa að tengja það aftur manninum svo hægt sé að fjalla um það sem við erum.²⁰ Þegar Heidegger tengir hið tóma og ótengda Da-sein aftur við manninn verður til klofningur sem getur af sér tvær merkingar Da-sein, ritaðar *Da-sein* og *Da-sein*.²¹ Fyrri hugtakið, *Da-sein*, táknar manninn sem er eins langt frá sannleika verunnar og hægt er að vera, því maðurinn er innan verunnar og sannleika hennar, og kemur því ekki auga á hann. Það að maðurinn fjarlægist sannleikann og hafni honum gefur samt sannleikann í skyn sem fyrirfram gefinn, því maðurinn er alltaf hluti af honum.²²

Heidegger beitir hér sömu aðferð og þegar hann sannaði tilvist neindarinnar í texta sínum „Hvað er frumspeki?”²³ með því að hafna því sem væri og búa þannig fyrirfram til andstæðu þess, ekki-veruna, því ekki-veran lægi í því sem væri til.

¹⁸ Miguel De Beistegui: „The Transformation of the sense of *Dasein* in Heidegger’s *Beiträge zur Philosophie (Vom Ereignis)*“, bls. 231.

¹⁹ Miguel De Beistegui: „The Transformation of the sense of *Dasein* in Heidegger’s *Beiträge zur Philosophie (Vom Ereignis)*“, bls. 225, þýðing mín.

²⁰ Miguel De Beistegui: „The Transformation of the sense of *Dasein* in Heidegger’s *Beiträge zur Philosophie (Vom Ereignis)*“, bls. 236.

²¹ Miguel De Beistegui: „The Transformation of the sense of *Dasein* in Heidegger’s *Beiträge zur Philosophie (Vom Ereignis)*“, bls. 231.

²² Miguel De Beistegui: „The Transformation of the sense of *Dasein* in Heidegger’s *Beiträge zur Philosophie (Vom Ereignis)*“, bls. 237.

²³ Martin Heidegger: „Hvað er frumspeki?“, íslensk þýðing: Magnús Diðrik Baldursson.

Hugtakinu Neind (Nichts), sem táknar and-veruna, beitir hann með því að segja:
„Neindin sjálf neindar.“²⁴

Það sem Heidegger biður okkur að beina sjónum okkar að þegar hann tekur svo til orða er í raun og veru að það séu tvær hliðar á hverju fyrirbæri fyrir sig, eins og er með *Da-sein* og *Da-sein*, sem þurfa á hvoru öðru að halda til að vera ein heild.

Hann talar um „...að neindin birtist „í sama vetfangi“ og það sem er í heild hverfur“²⁵ og þar með hefur hann tengt þetta tvennt órjúfanlegum böndum. Neindin getur ekki án verunnar verið og öfugt, og því er það neindin sem neindar þegar veran er.

Það er með álíkum hætti sem hann talar um Viður-eignina í fyrirlestri sínum „Tíma og veru“ („Zeit und Sein“) frá árinu 1962. Þar segist Heidegger ætla að sýna að veran sé Viður-eign og klykkir út með því að nota setninguna „Das Ereignis ereignet“, eða Viður-eignin viður-eignar.²⁶ Þessi setning er í raun ekki svo frábrugðin neindinni sem neindar, því veran og Viður-eignin eru samtvinnuðar, hvorug getur án hinnar verið. Heidegger segir Viður-eignina vera það sem ákvarði bæði tíma og veru, og tengi þau saman. Viður-eign sé þó ekki neinn ákveðinn atburður, heldur frekar það sem gerir hvaða atburð sem er mögulegan.²⁷ Ef ekkert verður til úr einhverju á sama hátt og eitthvað verður til úr engu, er það *Ereignis*, eða *Viður-eignin* sem gerir það að verkum að svo sé. Viður-eignin er þetta „eitthvað“ og þetta „ekkert“ samankomið, hið ósýnilega lím sem tengir allar andstæður saman. Viður-eignin er möguleikar þess að heimurinn haldi áfram að birtast sem síendurteknar andstæður sem tilheyra saman og ákvarða hvora aðra, og skapa þannig flæði alls sem er í heiminum.

Um fyrri tegund mannsins sem *Da-sein* (*Da-sein*) notar Heidegger hugtakið *Weg-sein* eða Fjar-vera (á ensku *Being-away*). Maðurinn sem Fjar-vera táknar hinn frumspekilega mann sem er fjærst sannleikanum, sökum þess að hann snýr sér mest frá því sem er honum í raun mest eðlislægt.

Hin tegund mannsins er maður „annarrar byrjunar“, eða ef til vill mætti ganga svo langt að segja „nýs upphafs“, og táknar möguleika mannsins, takmark, og jafnvel

²⁴ Martin Heidegger: „Hvað er frumspeki?“, bls. 16.

²⁵ Martin Heidegger: „Hvað er frumspeki?“, bls. 16.

²⁶ Martin Heidegger: „Time and Being“, í *On time and being*, bls. 24.

²⁷ Martin Heidegger: „Time and being“, bls. 19.

fram tíð mennskunnar. Maðurinn sem *Da-sein* er sannleikur, því búið var að einangra sannleika verunnar áður en maðurinn tengdist henni og því getur hann komið auga á þennan sannleika utanfrá, áður en stökkið á sér stað. Maðurinn verður að stökkva inn í þennan sannleika utanfrá, eftir að hann hefur komið auga á hann, og þannig helst opnunin og sannleikurinn í verunni fyrir hið nýja *Da-sein*.²⁸

Áherslan í *Framlöggunum* er önnur en fyrr og enn birtast ný orð sem eiga að dýpka skilning okkar á verunni. Heidegger telur nauðsynlegt að *Da-sein* hætti að tákna mann, klofni í tvennt í *Da-sein* og *Da-sein*, og verði þá að hluta til aftur maður. *Da-sein* þarf því næst að víkja úr sviðsljósinu fyrir hugtakinu *Ereignis*, hinni nýju veru sem er alls ekki maður og ekki nema að hluta til vera í tíma í heimi.

Hugtakið *Ereignis* hefur ýmist verið þýtt á ensku sem: *Appropriation*,²⁹ *Event of Appropriation*,³⁰ og núna síðast *Enowning*,³¹ og þýðir í bókstaflegri merkingu einhvers konar viðburður eða atburður. Þetta er dálítill orðaleikur eins og mörg orð sem Heidegger fer höndum sínum um, því hér er ekki bara um eiginlegan atburð að ræða, heldur atburð sem maðurinn á, tilheyrir manninum og inniheldur hann í leiðinni. Í meðförum Heideggers þýðir *Ereignis* sá atburður að blanda saman manni og heimi og gera þá eitt en samt aðskilda. *Ereignis* er maðurinn, heimurinn, blanda þeirra beggja og möguleikinn á því að þetta geti átt sér stað.

Hér eru þýsku sagnirnar *eigen* og *eignen* að verki, en þær má þýða beint upp á íslensku með sögnunum „að eiga“ og „að eigna“. Heidegger hefur líka haft í huga þýska orðið „Augen“, eða „augu“, og merking orðsins inniheldur því einnig þá merkingu að maðurinn sjái hluti upp á nýtt og öðlist þannig aukinn skilning á veru sinni og lífi í heiminum.³² Heidegger er umhugað að við mennirnir komumst að sannleikanum um veruna og heiminn, og telur hann að *Ereignis* sé sannleikurinn sem við leitum að. Með því að skilja heiminn, skilur maðurinn sjálfan sig betur, sem skilar sér í auknum skilningi á heiminn. En þar sem maðurinn er órjúfanlegur partur af

²⁸ Miguel De Beistegui: „The Transformation of the sense of *Dasein* in Heidegger’s *Beiträge zur Philosophie (Vom Ereignis)*“, bls. 237.

²⁹ Martin Heidegger: „Time and being“, bls. 19.

³⁰ Martin Heidegger: *Identity and Difference*, bls. 36.

³¹ Martin Heidegger: *Contributions to Philosophy (From Enowning)*.

³² Martin Heidegger: *Poetry, Language, Thought*, bls. xx í „Introduction“.

heiminum og öfugt, er þetta ferli nokkuð erfitt. Heidegger reynir því með hugtakinu *Ereignis* að koma manningnum á þá vegi sem eru happadrjúgir til skilnings.

Í ljósi framangreindra orðsifja hef ég ákveðið að þýða þetta hugtak með íslenska orðinu viðureign en skrifa það á mjög viðeigandi heideggerískan hátt, sem *Viður-eign*. Viður-eign tengir manninn við veruna og eignin, sem einnig er í þýska orðinu *Ereignis* og ensku þýðingunni *Enowning* kemst vel til skila ásamt því að innihalda (örlítið afbakaða) útgáfu af orðinu „Við“, sem gefur til kynna veru okkar manna í Viður-eigninni. Einn af kostum orðsins Viður-eign til þýðingar á *Ereignis* felst í þeirri staðreynd að maðurinn er líka að *kljást* við að skilgreina veruna og það er þessi glíma hans sem er Viður-eignin. Heidegger segir sjálfur í *Spiegel*-viðtalinu: „Hugsun er ekki athafnaleysi heldur í sjálfu sér sú viðureign er heldur uppi samræðu við örlög heimsins.”³³ Orðið viðureign er hér notað til að lýsa glímu mannsins við að vera sífellt að hugsa heiminn upp á nýtt, og það er í hnotskurn það sem *Ereignis* eða Viður-eignin snýst um.

Viður-eignin er það sem maður og vera eiga sameiginlegt en líka það sem skilur þau að. Verunni er eignaður maðurinn og manningnum er eignuð veran. Þau eru eign hvors annars en tilheyra sjálfu sér í leiðinni. Að eiga og að eigna eru tvær sagnir sem báðar eiga við þegar Viður-eignin sameinar mann, heim og Veru.

2.3 Viður-eign í ritum Heidegger

Hugmyndir Heideggers um Viður-eignina eru langt frá því að birtast í fyrsta sinn í *Framlögum*. Albert Hofstadter (1910-1989) skrifar árið 1976, á dánarári Heideggers, ágætis yfirlitsgrein um hugtakið Viður-eign, eða *Ereignis*, sem þá var þýtt á ensku með orðinu *Enownment*, en greinin ber einmitt heitið „Enownment“.³⁴ Hofstadter talar í upphafi greinar um fyrirlesturinn „Tíma og veru“ sem einn af textum Heideggers þar sem „framhaldshugsanir“ hans eftir *Veru og tíma* birtast. Heidegger sagði alltaf að það yrði framhald á *Veru og tíma* og þá myndi hugsun hans „snúast við“ á einhvern hátt, en þetta er hinn frægi viðsnúningur eða „die Kehre“. Í

³³ Rudolf Augstein og Georg Wolf: „Einungis annar guð getur bjargað okkur – viðtal *Der Spiegel* við Martin Heidegger“, bls. 33.

³⁴ Albert Hofstadter: „Enownment“, í *boundary 2*, Vol.4, No.2, Martin Heidegger and Literature, Duke University Press, 1976.

enskri útgáfu „Tíma og veru“ sem finna má í bókinni *On Time and Being* frá árinu 1972 segir þýðandinn Joan Stambaugh frá þessum umskiptum í formála:

Eftir *Veru og tíma* verður Heidegger afhuga skilunum milli frumspeki sem hefðbundinnar heimspekihefðar og grunn-verufræði, verufræði Verunnar sem hann var að leita að. Upp frá því renna frumspeki, verufræði og guðfræði í eitt, skilgreindar af guði heimspekinnar sem er *causa sui*, sjálfskapaður, og *summum ens*, hin sanna vera. Það er þessi tegund heimspeki – frumspeki og veru-guðfræði – sem Heidegger vill hætta við, ekki yfirstíga. Þegar hann skrifar um lok heimspekinnar spyr hann strax um verkefni hugsunar. Lok heimspekinnar eru ekki lok hugsunarinnar. Hugsunin verður að taka eitt skref afturábak út úr frumspekisögunni og gefa gaum að Viður-eigninni sem er með öllu ófrumspekileg.³⁵

Þarna er tengingin frá *Veru og tíma* til þeirrar umsnúnu heimspeki sem koma skal ágætlega skýrð, og einnig hin fyrirbærafræðilega frestun og afturfærsla, sem stígur eitt skref afturábak út úr hinu sögulega, frumspekilega og verufræðilega samhengi.

Í *On time and being* má einnig finna texta Heideggers „Endalok heimspekinnar og verkefni hugsunar“ frá 1969 þar sem hann tjáir lesendum sínum hvaða merkingu hann vill leggja í lok heimspekinnar:

Hvað er átt við með tali um endalok heimspekinnar? Við skiljum lok einhvers allt of auðveldlega á neikvæðan hátt sem einfalda stöðvun, sem skort á framhaldi, jafnvel sem höfnun og getuleysi. Á móti kemur að það sem við segjum um endalok heimspekinnar þýðir að frumspekinni er lokið [...] Gömul merking orðsins „endi“ þýðir einnig staður. „Endanna á milli“ þýðir: Frá einum stað til annars. Endalok heimspekinnar er staðurinn, sá staður þar sem öll heimspekisagan er saman komin á hinn ýktasta mögulega máta. Endi sem lok merkir slíka samkomu.³⁶

Árið 1947 kemur úr ritið „Bréf um mannhyggju“ og í enda þess er einnig að finna stutta klausu um endurskoðun á heimspeki sem slíkri:

³⁵ Heidegger: *Um tíma og veru*, bls. viii, þýðing mín.

³⁶ Martin Heidegger: „Endalok heimspekinnar og verkefni hugsunar“ bls. 56-57, þýðing mín.

Það er tími til kominn að brjótast út úr þeim ávana að ofmeta heimspeki og þessvegna krefjast of mikils af henni. Það sem þarf í yfirstandandi heimskreppu er minna af heimspeki, en meiri gætni í hugsun; minna af bókmenntum, en meiri rækt við skrif.³⁷

Heidegger virðist vera að undirbúa jarðveginn með því að tala um endalok einhvers sem jafnframt búi til þennan ákveðna stað þaðan sem er hægt að halda áfram frá. Í „Tíma og Veru“ talar hann um að tíminn sé ekki, heldur sé hann gefinn:

Tíminn er ekki. Tími gefst, Það veitir tímann. Hið gefandi sem veitir tímann er ákvarðað af því að hafna og halda aftur af nærveru. Það heimilar opnun tíma-rýmis og viðheldur því sem var hafnað í því liðna, því sem er haldið frá nálgun. Við köllum hið gefandi, sem gefur sannan tíma, framhald sem opnar upp og felur.³⁸

Örlítið aftar nefnir hann svo hvað þetta Það er:

Það sem skilgreinir bæði tíma og Veru, í sjálfu sér, það er að segja, í því að þau tilheyri hvoru öðru, skulum við kalla: Viður-eign.³⁹

Í bókinni *Samsemd og mismunur (Identität und Differenz)* frá árinu 1957 minnst Heidegger einnig á Viður-eignina sem hann kallar „lykilhugtak í þjónustu hugsunarinnar“:

Við verðum einfaldlega að upplifa þessa eign þar sem maður og Vera eru færð hverju öðru, það er, við verðum að ganga inn í það sem við köllum Viður-eign. Orðið Viður-eign, í þessu samhengi, ætti nú að vera notað sem lykilhugtak í þjónustu hugsunarinnar.⁴⁰

³⁷ Martin Heidegger: „A Letter on Humanism“ bls. 265, þýðing mín.

³⁸ Martin Heidegger: „Tími og Vera“, („On Time and Being“), bls. 16, þýðing mín.

³⁹ Martin Heidegger: „Tími og Vera“, („On Time and Being“), bls. 19, þýðing mín.

⁴⁰ Martin Heidegger: *Samsemd og mismunur, (Identity and Difference)*, bls. 36, þýðing mín.

Heidegger gerir sér grein fyrir þörf á nýjum útgangspunkti fyrir hugsun og í leiðinni vill hann loka á það að hafa alltaf alla heimspekisöguna undirliggjandi í hvert sinn sem þarf að velja einhverju fyrir sér. Hann leitar að opnun sem hann talar um á þýsku sem „Lichtung”, en það þýðir líka skógarrjóður. Svo virðist sem aðferðin sem hann beiti til að koma okkur í tíma-rými, með því að neita og halda aftur af nánd mannsins við allt, sé það sem hann kalli *Ereignis*. Sá staður sem við höldum til og er okkar nýi útgangspunktur er þessi „opnun” eða rjóður.

3. Um *Framlögin*

3.1 Um *Framlög til heimspekinnar (um Viður-eignina)*

Framlög til heimspeki (um Viður-eignina) er ekki einföld kaflaskipt bók eða bók sem inniheldur nokkrar hugleiðingar eða erindi sem mynda kerfi, heldur er hún skrifuð á ákveðinn hátt, í ákveðnu flæði sem inniheldur þá tegund af hugsun sem Heidegger boðar. *Framlögin* eru líka skrifuð á því tungumáli sem hann er að hvetja til notkunar á, og gerir tilraun til að vera laus við þær margþvældu klisjur sem heimspekisagan hefur safnað upp í gegn um tíðina.⁴¹

Bókin sveiflast fram og aftur og endurtekur sig því hún leitast við að halda í opnunina og hina sífelldu byrjun frá nýjum útgangspunkti alla leið frá byrjun til enda. Hin eilífa byrjun og endurskoðun á öllu hjálpar til að ekkert gleymist eða falli út, og við komumst aftur á hrakslóðir.

Heidegger finnst að við tökum framförum sem manneskjur með því að endurupplifa hlutina sífellt í stað þess að ana áfram í blindni. Hinar eiginlegu framfarir mannsins fara ekki fram í gegn um tækniframfarir eða öra þróun hugmynda, heldur með því að staldra við og leyfa verunni að vera hún og ekkert annað. Eins og Heidegger segir í „Bréfi um mannhyggju“:

Þegar heimspeki hugar að eðli sínu hleypur hún ekki framúr sér. Hún heldur sér þar sem hún er til þess að geta hugsað það Sama án afláts. Framfarir, það er,

⁴¹ *Companion to Heidegger's Contributions to Philosophy*, bls. 60.

ferðalag framávið frá þeim stað, eru mistök sem fylgja hugsuninni eins og skuggi sem fellur af henni sjálfri.⁴²

Það þarf að bakka um eitt skref og taka svo tvö skref fram á við, annars er hætt á að við gleymum rötum okkar. Ræturnar þarf að hafa með í öllu því sem ræktað er, og einnig þegar tréð hefur stækkað og sér ekki til topps frá jörðu er mikilvægt að hlúa að rötunum, sem sjást ekki lengur og eru því ekki til nema sem upphaf.

Skrif mín í þessari ritgerð miðast við að útskýra hugmyndir sem síendurtekið skjóta upp kollinum í *Framlöggunum*, með dæmum úr þeirri bók ásamt dæmum úr öðrum ritum Heideggers, og því mun ritgerðin óneitanlega taka á sig heideggerískt form þegar hún fer að endurskilgreina það sama, aftur og aftur. Ritgerðin er þannig svolítið undir áhrifum frá *Framlöggunum*, enda er það viðeigandi, þegar verið er að fjalla um hugtak sem skilst ekki nema rétt á meðan verið er að hugsa það.

Það er ekki að ástæðulausu að *Framlöggunum* hefur verið líkt við *Zarabústra* Nietzsches (1844-1900)⁴³ þegar kemur að stíl og stemningu, en samt eru kaflarnir „einungis“ um áttatíu í *Zarabústra* meðan þeir eru 281 í *Framlöggunum*, og eins og til að flækja málin enn frekar heita margir af köflum *Framlaganna* sama nafninu, aðeins númer þeirra breytast. Í fyrsta hluta bókarinnar, sem Heidegger kallar formála, má finna fimm kafla sem bera heitið „Um Viður-eignina“, og í bókinni allri heita tíu kaflar „Da-sein“.

Þetta er ákveðin vísbending um að *Framlöggin* séu í raun ekki það framhald af *Veru og tíma* sem Heidegger hélt einatt fram, heldur meira í ætt við tilraunamennsku og leik. Jafnframt er þá líka komin ástæðan fyrir því að hann kaus að gefa ritið ekki út fyrr en eftir sinn dag, því það stendur ekki fyllilega undir nafni sem það heildstæða verk sem Heidegger gaf í skyn að það væri.

Bókinni skiptir Heidegger í sex hluta, sem hann kallar „Bergmál“, „Haldið af stað“, „Stökk“, „Staðfesting“, „Þeir sem koma“ og „Hinn síðasti guð“. Hlutarnir eru þó tveir til viðbótar, „Formáli“ og „Vera“, en Heidegger talar sjálfur um sex-hluta skiptingu í

⁴² Martin Heidegger: „Bréf um mannhyggju“, bls. 238, þýðing mín.

⁴³ Nietzsche, Friedrich: *Svo mælti Zarabústra*, Bók fyrir alla og engan, Reykjavík, Heimspekistofnun Háskólaútgáfan, 1996.

fyrsta kafla formálans.⁴⁴ Þar segir hann einnig að framsetning *Framlaganna* sé hönnuð til að undirbúa fyrir tímamótin og sé tekin úr ófullbúinni áætlun sögulegra sanninda tímamótanna sjálfra.⁴⁵

Strax í upphafi fyrsta hluta bókarinnar fær lesandinn reglulega á tilfinninguna að hann sé að lesa bók skrifaða á dulmáli sem einungis fáir útvaldir hafi aðgang að, svo óræður virðist textinn vera. Það er því gott að hafa við höndina skýringarritið að *Framlögum*, *Companion to Heidegger's Contributions to Philosophy*,⁴⁶ og nota það til frekari glöggvunar. Það er til dæmis ekki fullkomlega ljóst hvað Heidegger á við hér að ofan, þegar hann talar um að undirbúa fyrir tímamótin (*crossing/Übergang*), en það tengist þó væntanlega annarri byrjun og Viður-eigninni, en þetta er þó ekki útskýrt sérstaklega. Tímamótin gætu jafn auðveldlega átt við þá stund þegar mennirnir sameinast guðum sínum að nýju, og þegar við loks höfum fullmótað nýtt tungumál í stað þess að nota tungumál frumspekinnar. Alejandro Vallega gengur út frá því í 3. kafla skýringarritsins að *tímamótin* séu þau sömu og Heidegger tjáir sig um í fyrirlestri um Nietzsche veturinn 1937-1938, en þar segir hann að endalok frumspekinnar færi okkur frá frumspeki fyrstu byrjunar til „beyng-historical thinking“, eða veru-sögulegrar hugsunar:

Tómhyggja Nietzsches, sjálf uppgötvunin að „Guð sé dauður“⁴⁷, að bakvið hið sýnilega sé ekkert, er ekki eingöngu endalok frumspekinnar, heldur verður að hugsa endann útfrá því að hann á sér stað (*Ereignis*) sem „umskipti“ frá frumspeki, fyrstu byrjuninni, til veru-sögulegrar hugsunar.⁴⁷

Í öðrum kaflanum, „Strategies for a Possible Reading“, talar Dennis J. Schmidt um mögulegar leiðir til að lesa *Framlög*in. Hann telur upp þrennt sem hafa beri í huga við lesturinn. Í fyrsta lagi hvenær þau voru skrifuð, í öðru lagi hvaða heimspekilega

⁴⁴ Martin Heidegger: *Framlög til heimspeki (útfrá Viður-eign)*, bls. 5, þýðing mín.

⁴⁵ Martin Heidegger: *Framlög til heimspeki (útfrá Viður-eign)*, bls. 5, þýðing mín.

⁴⁶ Charles E. Scott, Susan Schoenbohm, Daniela Vallega-Ney, Alejandro Vallega: *Companion to Heidegger's Contributions to Philosophy*. Bloomington og Indianapolis, Indiana University Press, 2001.

⁴⁷ Alejandro Vallega: „„Beyng-Historical Thinking“ in Heidegger's *Contribution to Philosophy*“, bls. 49, þýðing mín.

landslagi Heidegger var að velta fyrir sér á þessum tímapunkti ferils síns, og í þriðja lagi hvaða aðra höfundar hann setti hugsanir sínar í samhengi við.⁴⁸ Skrif hans eru að mörgu leiti samtal hans við sig sjálfan, og þess vegna oft æði torskilin, en þó eru fjórir höfundar mest áberandi; Hölderlin, (1770-1843), Nietzsche, Schelling (1775-1854) og Jünger (1895 -1998). Heidegger reiðir sig mest á Hölderlin þegar kemur að vangaveltum um tungumálið; hann nýtur aðstoðar Nietzsche við að binda enda á frumspekina; hann fær mikið af heimspekilegum orðaforða sínum frá Schelling og hugmyndir hans um eðli nútímatækni eiga rætur sínar að rekja til Jünger.⁴⁹ Schmidt talar um uppreisnaranda Heideggers í heimspekiskrifum sínum sem komu á undan *Framlögum*, meðal annars með andófi sínu gegn frumspeki og þörfinni til að kollvarpa hefðbundnum tungumálahefðum. *Framlögin* má því lesa í því samhengi að Heidegger sé að móta þá stefnu sem hann þurfi að fara, vilji hann stuðla að áframhaldandi uppreisn sinni.⁵⁰

Þegar kemur að tengslum við heimsmynd þess tíma sem *Framlögin* voru skrifuð á, vill Schmidt lesa þau í tengslum við helförina og telur *Framlögin* vera undir beinum áhrifum frá þeirri ógn sem steðjaði að heiminum á ritunartíma þeirra. Schmidt telur upp fjögur þemu bókarinnar, sem honum finnst skýrustu dæmi um að vera lituð af helförinni. Það eru „erfiðleikar og skortur“, „vélvæðing“, „kynþættir“ og „hið síðasta“.⁵¹

Túlkunarmöguleikar *Framlaganna* eru þó ótal margir og ef til vill mætti segja að það væri einn af kostunum á textum Heideggers almennt. Textarnir eru opnir og innihalda skýra hugsun en nógu „óskýrir“ til að hægt sé að lesa þá með ólíka útgangspunkta í huga, og þeir eru jafnframt á sama tíma aðgengilegir og margræðir.

Aðferð Heideggers til að hugsa upp á nýtt sem hann nefnir Viður-eign er einhvers konar grunntónn eða stef í gegnum alla bókina. En Viður-eignin hefur á einn eða annan hátt verið viðloðandi í mörgum öðrum heimspekiritum Heideggers og líka þeim sem skrifuð eru fyrir *Framlögin*. Hann hefur ekki alltaf haft þetta nafn yfir

⁴⁸ Dennis J. Schmidt: „Strategies for a Possible Reading“, bls. 36.

⁴⁹ Dennis J. Schmidt: „Strategies for a Possible Reading“, bls. 37.

⁵⁰ Dennis J. Schmidt: „Strategies for a Possible Reading“, bls. 38.

⁵¹ Dennis J. Schmidt: „Strategies for a Possible Reading“, bls. 39.

fyrirbærið, en notast við þennan sama grunn: Aðra byrjun sem hefst með nýjum orðum.

Fyrirnefnd grein Alejandro Vallega er hjálpleg til að taka eftir því að það er Viður-eignin sem opnar veruna svo hún geti líka birst í andstæðu sinni. Vallega skýrir þetta á eftirfarandi hátt:

Heidegger segir, „Das Nichts nichtet“. Við getum séð örla fyrir spurningunni sem hefur opnast fyrir jafnvel þegar við þýðum þessa stuttu klausu yfir á ensku: „nothing nothings“. Það er ekki „no-thing“ [enginn hlutur] heldur ákveðinn viðburður (Ereignis) sem er gefinn til ígrundunar.⁵²

Þarna er Vallega að tala um texta Heideggers „Hvað er frumspeki?“ þar sem hann leitast við að sýna fram á, út frá verunni sjálfri, að til sé andstæðu verunnar sem hann kallar neind. Andstæðunum stillir hann upp á þann hátt að ef veran er til hlýtur svokölluð „andvera“ hennar einnig að vera til. *Nichts* er vel þýtt sem Neind og á íslensku er setningin þýdd sem „Neindin neindar“.

Ef Neindin neindar, það er að segja ef við upplifum raunveruleika Neindarinnar til jafns við það sem er, þá erum við búin að setja huga okkar og hugsun í ákveðnar stellingar, sem eru okkur nauðsynlegar til að „hugsa í burtu“ skilgreiningar sem við höfðum þegar hugsað um. Ef við „hugsum eitthvað í burtu“ og náum þannig að búa til rými getum við „hugsað það til baka“, eða bara hugsað upp á nýtt. Það sem Heidegger er að benda á er að það er nauðsynlegt að ljúka aldrei við að skilgreina eitthvað, að ekkert sé endanlega niðurneglt. Það er ekkert svo endanlegt að ekki sé hægt að fá í það flæði með því að láta það hverfa og birtast aftur með því að ímynda sér að það sé öðruvísi en það hefur verið hingað til. Þegar við þurfum að takast á við sérhverja hugsun og skilgreiningu eins og hún væri splunkuný og við værum að sjá hana í fyrsta skipti, aukast töluvert líkurnar á því að við tökum engu sem sjálfgefnu, og því glatast síður mikilvæg atriði úr skilgreiningum eða hugsun okkar.

Það sem skilur að Veru og Neind er í raun ekki neitt! Upplifun okkar af Veru og upplifun okkar af Neind er sú sama, enda hvor um sig tilkomin vegna hinnar. Vera

⁵² *Companion to Heidegger's Contributions to Philosophy*: bls. 51, þýðing mín.

eða neind ER ekki *per se* nema fyrir eitthvað eða einhvern, þ.e.a.s. mig – ef ég er að skynja veru eða neind í það skiptið. Heimurinn er minn með öllu því sem fyrirfinnst og finnst ekki í honum, og ég get aldrei verið viss um hvernig hann birtist mér.

Í grein Richards Polt „The Event of Entinking the Event“⁵³ í skýringarritinu, fjallar hann um „upp-hugsunina“ (*enthinking/Er-denken*) sem er önnur tegund hugsunar, og tengir hana við grein Heideggers „Hvað er frumspeki?“ Bein þýðing Er-denken á þýsku er uppfinning. Polt spyr hvernig skapandi hugsun geti tengst sannleika verunnar, þar sem sköpun sé alltaf talin óæðri sannleika og því annars flokks. Það er þá líka annars flokks að finna upp/hugsa upp ný orð og hugtök.

Í „Hvað er frumspeki?“ skýtur Heidegger á þá sem horfa bara á staðreyndir og sannanir og ekkert annað, og fær þannig út að „ekkert annað“ hafi öðlast líf líka.⁵⁴ Ekkert-ið eða neindin varð til með því að horfa á tungumál og hugsun með skapandi hætti, án þess að hræðast það að missa af „hinum stóra sannleika“. Vísindaleg rétttrúnaðarhugsun er það sem við þurfum að snúa baki við og í neðanmálgrein hjá Polt kemur fram að Heidegger hafi orðað þetta ansi skemmtilega í fyrirlestri sem gengur undir nafninu Le Thor-seminar árið 1969. Þar sagði Heidegger einfaldlega: „Mit dem Ereignis wird überhaupt nicht mehr griechisch gedacht“, sem þýðir „Með tilkomu Viður-eignarinnar er alls ekki lengur hugsað á grísku“.⁵⁵

Framlögin er það rit Heideggers sem erfiðast er að halda utan um og skilja á einn hátt. Þegar grannt er skoðað reynist það þó innihalda lítið meira en hugsanir Heideggers um eina tiltölulega einfalda kenningu eða aðferð, *Viður-eignina/Ereignis*. Vandamálið er hins vegar að þessi kenning tengist það mörgu að það væri vandkvæðum bundið að stytta ritið og þjappa hugmyndum þess niður í minna hefti. *Framlögin* benda á mikilvægi Viður-eignarinnar til að viðhalda hugsanaflæði mannsins, sem er nauðsynlegur fylgifiskur þess að leggja stund á heimspeki.

Heidegger er hrifinn af andstæðum, og stillir þeim upp svo hvor hluti andstæðuparsins sanni tilvist hins. Þegar við bætist dálæti hans á að beita klifunum á

⁵³ *Companion to Heidegger's Contributions to Philosophy*, bls. 81.

⁵⁴ „Hvað er frumspeki?“, bls. 11.

⁵⁵ *Companion to Heidegger's Contributions to Philosophy*, neðanmálgrein 14, bls. 99. Vitnað er í Seminar in Le Thor 1969 in *Vier Seminare*, Frankfurt am Main, Vittorio Klostermann, 1977, bls. 104, þýðing mín/aðstoð Magnús Diðrik Baldursson.

borð við „Neindin neindar” er hætta á að hugsun hans sé ekki aðgengileg lesendum. Því er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að Viður-eignin er aðferð til að skilja *hvernig* Neindin neindar, og hvernig allt getur fylgt þar fast á eftir með sama sniði: Heimurinn heimar, nýja hugsunin upp-hugsar og meira að segja sjálf Viður-eignin viðureignar. Ekkert er yfir það hafið að ekki megi endurskoða það, og *þetta* er að mínu mati eitt af því mikilvæga sem hægt er að læra af *Framlögum*.

Heidegger kemur aftur og aftur að sama efninu, og nálgast það frá nýjum og nýjum hliðum, og að einhverju leiti má útskýra þetta með þeirri staðreynd að *Framlög* voru skrifuð á löngum tíma. Hinar miklu væntingar fólks og bið eftir áframhaldinu af *Veru og tíma* hafa gert það að verkum að hann hófst aftur og aftur handa við eitthvað sem hann réð ef til vill ekki fyllilega við. Því má þó ekki gleyma að Heidegger kys að tryggja hlutinn ofan í lesendann, aftur og aftur, og skrifar textann á nýja tungumálinu sem hann finnur upp í ritinu sjálfu. Með því móti viðheldur hann opnun, því bókina eru uppfull af nýjum byrjunum. Það er í sjálfu sér ein tegundin af klifun til viðbótar, og bendir til þess að ekkert sé nokkru sinni endanlegt.

3.2 Heidegger og fyrirbærafræðin

Heidegger dró aldrei dul á það að hann sótti grunnstef í heimspeki sinni til læriföðurins, Husserls (1859-1938). Franski fyrirbærafræðingurinn Maurice Merleau-Ponty (1908- 1961) kemur inn á samanburð á þeim tveimur í „Formála að *Fyrirbærafræði skynjunarinnar*“. Þar má í upphafi finna nokkuð skýra lýsingu á því hvað sjálf fræðigreinin fyrirbærafræði sé og hvað felist í því að leggja stund á hana: „Fyrirbærafræði fjallar um eðli [*essences*] og samkvæmt henni eru öll vandamál fólgin í því að skilgreina eðli, til dæmis eðli skynjunarinnar og eðli vitundarinnar.“⁵⁶ Hann heldur áfram, nokkrum línum neðar: „Að ástunda fyrirbærafræði er að leitast við að endurheimta hin einlægu tengsl mannsins við heiminn og ljá þeim að endingu heimspekilegan sess.“⁵⁷

Heidegger telur að „hin einlægu tengsl mannsins við heiminn“ séu á einhvern hátt rofin, sökum þess að maðurinn hafi fjarlægst hinar raunverulegu upphafsspurningar of mikið. Hann heldur því áfram að vinna að verkefni fyrirbærafræðinnar sem að

⁵⁶ Maurice Merleau-Ponty: „Formáli að *Fyrirbærafræði skynjunarinnar*“, bls. 113.

⁵⁷ Maurice Merleau-Ponty: „Formáli að *Fyrirbærafræði skynjunarinnar*“, bls. 113.

hluta til felst í því að endurheimta tengsl manns við heiminn, en tekur aðferðir hennar til gagnerrar endurskoðunar.

Það er þó ekki fyrr en með *Framlögum* sem raunverulega skilur að með Heidegger og Husserl, enda bendir Merleau-Ponty á í fyrirnefndum texta sínum að „gjörvöll bók Heideggers *Vera og tími* [sé] sprottin af tiltekinni ábendingu Husserls og [sé] raunar útlistun á því „náttúrulega heimshugtaki“ (*natürlicher Weltbegriff*) og þeim „lífheimi“ (*Lebenswelt*) sem Husserl lýsti sem helsta verkefni fyrirbærafræðinnar.“⁵⁸

Heidegger tekur upp þá hugmynd frá fyrirbærafræðinni að snúa aftur til hlutanna sjálfra, en Husserl útskýrir það á þann veg að vísindin og þekkingin séu byggð á upplifun okkar af heiminum sjálfum. Merleau-Ponty orðar þetta vel og segir að það „Að snúa aftur til hlutanna sjálfra [sé] að snúa aftur til þess heims sem er til á undan þekkingunni og þekkingin talar sífellt um.“⁵⁹

Rüdiger Safranski útskýrir fyrirbærafræði Husserls nokkuð vel í einum kafla í yfirlitsbók sinni um Heidegger:

Husserl hafði ekki í hyggju að lífga við sjálfshyggjulegar efasemdir um raunveruleika ytri heimsins. Þvert á móti vildi hann sýna að allur ytri heimurinn væri líka til staðar innra með okkur, að við værum ekki tóm hylki sem ytri heiminum væri sturtað í, heldur værum við allaf að „tengjast“ einhverju. Meðvitund er alltaf meðvituð um eitthvað. Sú staðreynd að meðvitund er ekki „innra“ heldur „ytra“, ásamt því sem hún er meðvituð um – þessu er tekið eftir um leið og maður byrjar að vera meðvitaður um meðvitundina. Það er fyrirbærafræði.⁶⁰

Munurinn á nálgun Husserls og fyrirbærafræði hans á heiminn sjálfan annars vegar og hins vegar nálgun hins franska Descartes (1596-1650) og hins þýska Kants (1724-1804), sem báðir tjáðu sig um hlutinn í sjálfu sér, er að Husserl tengir manninn og heiminn saman. Maðurinn er í heiminum og hvergi annars staðar. Það eru beinar upplifanir mannsins af heiminum sem hann er staddur í sem Husserl vill rannsaka. Descartes er hins vegar viss um veru sína því hann hugsar, eins og kemur fram í hans

⁵⁸ Maurice Merleau-Ponty: „Formáli að *Fyrirbærafræði skynjunarinnar*“, bls. 113.

⁵⁹ Maurice Merleau-Ponty: „Formáli að *Fyrirbærafræði skynjunarinnar*“, bls. 115.

⁶⁰ Rüdiger Safranski: *Martin Heidegger: Between Good and Evil*, bls. 75, þýðing mín.

fræga Cogito-i,⁶¹ en samt telur hann ekki að það sé næg sönnun á að maðurinn „sé“ einhvers staðar, á einhverjum ákveðnum stað, að hugsa.

Eins og Merleau-Ponty bendir á segir Husserl að maðurinn sé til í heiminum, en heimurinn geti þó vel verið til án mannsins, og að halda öðru fram væri hrokafullt af mannum:

Hið sanna *cogito* skilgreinir ekki tilvist sjálfsverunnar út frá hugsun hennar um tilveru sína, það breytir ekki vissunni um heiminn í vissu um hugsun um heiminn, né heldur setur það tilvísunina heimur [*la signification monde*] í stað heimsins. Þvert á móti viðurkennir það sjálfa hugsun mína sem óumflýjanlega staðreynd og útilokar hverskyns hughyggju í sömu svipan og það uppgötvar mig sem „veru í heiminum“.⁶²

Husserl tengir afdráttarlaust saman veru og heim, og Heidegger kys að halda þeirri tengingu, en Heidegger dugar ekki að tala bara um veru-í-heimi. Hans vera í heimi kallast Dasein. Cogito-ið hans Descartes: „Ég hugsa, þess vegna er ég“ yrði í meðförum Heidegger: „Ég hugsa, þess vegna er ég Dasein“, en það er líklega önnur saga.

3.3 Frestun og afturfærsla

Við komum nú að galdri fyrirbærafræðilegrar frestunar og afturfærslu. Husserl leit svo á að besta leið til að rannsaka heim líðandi stundar, án þess að standa sjálfur í vegi fyrir rannsókninni og varpa skugga á hana, væri að leggja stund á fyrirbærafræðilega frestun (*Epoché*) og afturfærslu (*phänomenologische Reduktion*). Danski fyrirbærafræðingurinn Dan Zahavi (1967-) lýsir þessu svona:

Markmiðið með frestuninni er engan veginn að ýta veruleikanum til hliðar, yfirgefa hann eða loka hann úti, heldur einungis að slá ákveðinni fastmótaðri afstöðu til heimsins á frest, eða stöðva hana tímabundið, í þeim tilgangi að leiða

⁶¹ Sbr. „Cogito, ergo sum“, „Ég hugsa, þess vegna er ég“, birtist í bók hans *Orðræða um aðferð* árið 1637.

⁶² Maurice Merleau-Ponty: „Formáli að *Fyrirbærafræði skynjunarinnar*“, bls. 118.

hugann á skýrt afmarkaðan og beinan hátt að því sem fyrirbærafræðilega er gefið, viðföngunum nákvæmlega eins og þau birtast.⁶³

Maðurinn er alltaf staddur í heiminum en með því að „hugsa sig örlítið í burtu“ nær hann ákveðinni fjarlægð á heiminn.

Það mætti útskýra þetta ferli nánar með tveimur samanburðardæmum. Annars vegar höfum við mann sem er niðursökkinn í vinnu sína við að leysa flókið stærðfræðidæmi, sem krefst mikillar einbeitingar og það gengur hvorki lönd né strönd. Það er ekki fyrir en hann stendur upp og gengur út fyrir húsið til að anda að sér fersku lofti að hann áttar sig á villu sinni í dæminu. Á meðan hann sat niðursökkinn komst hann ekki út úr ákveðinni hugsun sem hann var fastur í, en þegar hann hætti tímabundið að hugsa leysti hann gátuna.

Hins vegar mætti auðvitað líkja þessu að einhverju leyti við hugleiðslu, sem á sama hátt gengur út á að hugsa sig í burtu frá líðandi stundu. Í hugleiðslu er hugurinn róaður og færri og færri hugsanir taka að myndast, öndunin hægist þar til mannum finnst að lokum sem hann svífi í heimi sem er örlítið fjarri þeim stað sem hann var á rétt áður.

Á svipaðan hátt og hugleiðarinn hugsar sig í fjarlægð tímabundið biður Husserl okkur um að gera slíkt hið sama með frestuninni og afturfærslunni. Hann vill með þessu móti öðlast greiðari aðgang að eðli heimsins. Markmiðið er ekki að sjálfvera okkar útiloki sig og skynfæri sín úr heiminum og „svífi“ um í einhverju rými, líkamalaus. Husserl leit einfaldlega svo á að betra væri að skoða líðandi stundu en það sem þegar væri liðið. Með því að rannsaka líðandi stundu hefur maðurinn aukna möguleika á raunsærri mynd af því sem er að gerast. Grípum aftur niður hjá Zahavi:

Að stunda frestun og afturfærslu felur ekki í sér að gefa frá sér möguleikann á því að rannsaka hinn raunverulega heim. Þær leiða ekki til þess að eitthvað tapist. Þvert á móti opnar hin nýja grundvallarafstaða möguleikann á sláandi uppgötvun og þar með *útvíkkun* á reynslusviði okkar.⁶⁴

⁶³ Dan Zahavi: *Fyrirbærafræði*, bls. 24.

⁶⁴ Dan Zahavi: *Fyrirbærafræði*, bls. 25.

Husserl heldur því fram að „fyrirbærafræðin verði því aðeins skilin að frestunin og afturfærslan séu teknar alvarlega.“⁶⁵ Vandamál Husserls var hins vegar ævinlega hvort afturfærslan væri í raun og veru framkvæmanleg og hann tók einatt aftur upp þráðinn í skrifum sínum og velti því fyrir sér hvort og hvernig fullkomin afturfærsla væri möguleg.⁶⁶

3.4 Frestun og afturfærsla með orðum

Heidegger hugsar kenninguna um afturfærsluna upp á nýtt og setur í nýtt samhengi. Víða í ritum sínum fjallar Heidegger um hinn firrta mann sem hættir til að gleyma rötum sínum og sjálfsveru sinni í heiminum. Í *Veru og tíma* liggur leiðin til bjargar Da-sein í gegn um hina fyrirbærafræðilegu frestun og afturfærslu sem birtist í angistinni, og upplifun mannsins af henni. Með því að takast á við angistina öðlast maðurinn meðvitund um sjálfan sig og heiminn og enduruppgötvar sig á þann hátt. Hjá Husserl er afturfærslan fyrst og fremst fræðileg aðferð sem heimspekingurinn beitir. Í *Framlögum* hefur Heidegger hins vegar þróað alveg sérstaka aðferð til að framkvæma frestun og afturfærslu og sú útfærsla er nokkuð frumleg.

Hún felst í grófum dráttum í því að finna upp ný orð til að lýsa fyrirbærum sem Dasein tekst á við. Með því að beita nýju orðunum knýja þau hugsunina á aðrar slóðir og fjarlægðin sem Dasein nær við heiminn á þann hátt nægir til að ígrunda hlutina, heiminn og það sjálft upp á nýtt án þess að festast í þeim klisjum sem það hefur búið í. Heidegger beitir aðferð fyrirbærafræðinnar en hjálpargögn hans eru tungumálið og orðin, og það er fyrst og fremst þessi útgangspunktur hans sem skilur að hina hefðbundnu frestun og afturfærslu og þá sem hann notast við í *Framlögum* og fleiri ritum sínum.

Dennis J. Schmidt skrifar í grein sinni „Strategies for a Possible Reading” að *Framlögum* fjalli aðallega um aðferðir og tilraunir Heideggers með tungumálið:

⁶⁵ Dan Zahavi: *Fyrirbærafræði*, bls. 26.

⁶⁶ Maurice Merleau-Ponty: „Formáli að *Fyrirbærafræði skynjunarinnar*“, bls. 119.

*Framlög*in snúast fyrst og fremst um glímu Heideggers við tungumálið sem frumspekin réði yfir og notfærði sér, og um þá glímu að opna nýja vídd tungumáls, sem Viður-eignin talaði og talað væri útúr henni, og sem alltaf hafði komist undan skoðunum frumspekinnar.⁶⁷

Heidegger taldi að við það að opna tungumálið með fyrirbærafræðilegri frestun og afturfærslu yrði til nýtt tungumál. Það tungumál væri ósnortið af „skoðunum frumspekinnar” og með því tungumáli hefðu mennirnir möguleika á þeirri „annarri byrjun” sem Heidegger vildi búa í haginn fyrir.

Heidegger telur að við það að búa til ný orð geti fyrirbærafræðileg frestun og afturfærsla átt sér stað, því þá náum við að stökkva út úr líðandi stund og festumst ekki í klisjum frumspeki-tungumálsins. En við stökkið út úr líðandi stund fjarlægjumst við einnig klisjurnar og komum auga á hið nýja tungumál. Hið nýja tungumál verður því bæði til á undan stökkinu, sem ný orð, og í opnuninni sem verður við að beita hinum nýju orðum. Það er því hægt að skilja Heidegger sem svo að hann telji að nóg sé að búa til ný hugtök sem við beitum (eins og *Ereignis/Viður-eign* og *Da-sein*), og þá fari af stað hringrás sem ekki sér fyrir endan á, og munum við aldrei frammar festast í neinum klisjum hugsunar okkar, því tungumálið endurnýjar sig sjálfkrafa eftir það.

Í framhaldi af þessari niðurstöðu varpar Schmidt upp nokkrum spurningum og þær áhugaverðustu að mínu mati fjalla um notkun mannanna á tungumálinu. „Hvað gerðist eiginlega?“, spyr hann. „Hvernig tókst okkur að nota tungumálið upp til agna?“⁶⁸ Auðvitað er tungumálið enn til staðar, en Heidegger segir það ekki þjóna eðli Verunnar lengur, heldur frumspekinni, og þar sem frumspekin leitar vísindalegra staðreynda en spyr ekki um Veru manns í heimi, álitur Heidegger að tungumálið sé ónýtt. Það má að minnsta kosti kalla það ónýtt fyrir þá rannsókn sem Heidegger fæst við.

Ef til vill er nauðsynlegt að hvert sérsvið eða sérhæfing fái að hafa sinn orðaforða til að nota. Bifvélavirkjar og tölvuviðgerðamenn fást við að laga bilaðar vélar, og í sumum tilvikum gæti verið um svipaða bilun að ræða (til dæmis gæti vifta verið

⁶⁷ Dennis J. Schmidt: „Strategies for a Possible Reading“, bls. 34, þýðing mín.

⁶⁸ Dennis J. Schmidt: „Strategies for a Possible Reading“, bls. 35, þýðing mín.

biluð). Það eru þó harla mismunandi sérfræðiorð sem þessir tveir hópar myndu nota til að tjá sig um bilunina og viðgerðina, eða er kannski hægt að skipta um viftureim í tölvu? Frumspekin gæti vel verið búin að þróa prýðilegan orðaforða sem vel er nýtilegur í frumspekileg vandamál, og Heidegger gerir hér kröfu um tungumál fyrir verufræði, því niðurstöður, áherslur og leið verufræðinga að hugsanlegri niðurstöðu samræmist ekki frumspekilegum rannsóknum og niðurstöðum.

Í kjölfar greinar Schmidt vakna upp spurningar, vegna tillögu Heideggers um að breyta tungumáli til að öðlast aukinn verusannleika, og ein af þeim hlýtur að vera: Er nægjanlegt að „breyta“ orðum til að hugsanir „breytist“ og brjóti mögulega upp og hafi áhrif á athafnir?

Ef rétt er skilið að nóg sé að brjóta upp með nýjum orðum og þá breytist hugsanir og hegðun er eins og Heidegger telji að orð stýri hugsunum en ekki öfugt, allavega ef marka má hve mikla áherslu hann leggur á nauðsyn nýs tungumáls sem geri aðra byrjun mögulega.

Það má hins vegar velta fyrir sér hvað verði til þess að ný orð myndist, og hvort hugsanir okkar séu þar ekki með í ráðum.

Í áttunda og síðasta hluta *Framlaganna* má lesa hugmyndir Heideggers um menn, hugsanir og tungumál. Þar kemur fram að Heidegger telji mann og tungumál bæði einungis hluta af verunni og því geti annað alls ekki komið á undan hinu. Hann segir tungumálið „gefið“ með hinum vitiborna manni og eitt geti því ekki án hins verið:

[...] tungumál er gefið ásamt manni – og það svo augljóslega að jafnvel þótt því sé snúið við, er hægt að segja að ásamt tungumáli sé maðurinn gefinn. Tungumál og maður ákvarða hvort annað gagnkvæmt. Hvernig má það vera? Eru þau bæði á einhvern hátt hið sama, og þá á hvaða hátt? Vegna þess happs að bæði tilheyra Verunni.⁶⁹

Heidegger útilokar hér þann möguleika að hugsun og tungumál geti annað stjórnað hinu, nema á þann augljósa hátt að þau séu eitt og hið sama, og tilheyri bæði Veru alls sem er. Hugsun og maður fara einfaldlega saman og hvorugt getur án hins verið.

Heidegger telur þó að tungumál geti breytt hugsun mannsins, á sama tíma og hann segir að tungumál og maður ákvarði hvort annað á þann hátt að bæði tilheyri Verunni.

⁶⁹ Martin Heidegger: *Framlög til heimspeki (útfra Viður-eign)* bls. 351, þýðing mín.

Stöldrúm hér við og skoðum þetta betur: Maður og hugsun hans eru jú einn og sami hluturinn, og ef maður og tungumál eru það líka leiðir þar af að hugsun og tungumál eru það sama. Maður, hugsun og tungumál eru þó ekki það sama sem slík heldur öll bundin sömu böndum vegna þess að öll eru hluti af Verunni. Hún er heild alls sem er og þau eru hlutar af henni. Eins og ég skil Heidegger, þá er markmið hans ekki að breyta Verunni, enda hefur maðurinn engan aðgang að henni í heild sinni heldur eingöngu þeim hluta sem birtist honum. En Heidegger vill breyta hugsun og telur sig þurfa að gera það með orðum. Það er bara ekki víst að orð hafi sömu áhrif á hugsun manns og Heidegger vill, einmitt vegna þess að orðin heyra undir Veru rétt eins og hugsunin og maðurinn. Vilji Heidegger breyttar hugsanir mannanna, þá þarf hann að einblína á það og útfæra hugsanirnar sjálfar, án milligöngu orðanna. Ef hann telur að breyta þurfi orðum gerir hann það beint án þess að fara krókaleið í gegn um hugsunina.

3.5 Ný orð

Heidegger ákveður að hætta að nota ákveðin hugtök sem honum finnast vera útpvældar klisjur. Hann býr til ný orð, frá grunni eða úr öðrum þýskum orðum, til þess að losna undan merkingarsviði gömlu orðanna og nýju orðin eiga að móta hugsanirnar og hugmyndirnar. Þau kynnir hann svo fyrir lesendum sínum til að koma í veg fyrir að þeirra hugsanir falli í þá farvegi sem þær hafa gert hingað til. Nýyrði hans eiga að virka eins og uppbrot til að komast út úr þekktu hugsanaferli sem manninum er orðið tamt að nota.

Heidegger leggur til að maðurinn byrji upp á nýtt, en vill ekki kalla það nýja byrjun heldur aðra byrjun, sökum þess að maðurinn er söguleg vera og önnur byrjun því óhjákvæmilega byggð á fyrstu byrjuninni. Heidegger telur sögu fyrstu byrjunarinnar vera sögu frumspekinnar, og tungumálið sem notað sé þar fjalli því um frumspeki, framar öðru.⁷⁰

Með þessu er Heidegger ekki að fara fram á að við höfnum fyrstu byrjuninni, né heldur vill hann að við skiljum allar okkar skilgreiningar og tækni eftir og flýjum upp í sveit og hefjum þar sjálfsþurftarbúskap, heldur vill hann að við munum eftir því sem

⁷⁰ Martin Heidegger: *Contribution to Philosophy (From Enowning)*, bls. 123.

búið er að eiga sér stað og byggjum á því. Heidegger segir að við höfum einfaldlega ekki lengur þörf fyrir það sem tilheyrir fyrstu byrjun:

Þótt fyrsta byrjunin sé sett til hliðar og aðskilin frá annarri byrjun sannar það ekki að saga leiðandi spurningarinnar og þannig allrar frumspeki fram á okkar dag sé „röng“... Hinsvegar kemur í ljós að túlkun verunnar fram á okkar dag er okkur ekki lengur nauðsynleg, og sú túlkun kallar ekki á neinn „sannleika“ sökum þess að hún spyr ekki einu sinni spurninga um sig sjálfa.⁷¹

Þannig hljómar hluti af annarri byrjun Heideggers: Ný orð kalla á nýjar hugsanir sem kalla á nýjar aðferðir sem enda vonandi á því að breyta gjörðum manna. Heidegger er í pílgrímsferð um lendur ný-yrða til að framkalla ný-hugsanir. Sú pílgrímsferð er bæði uppgjör við frumspekina, sem hann segir hafa ráðið yfir því tungumáli sem notað hefur verið í rannsóknum, og vísindin sem hafa með sínum nákvæmu mælingum farið að hafa of mikil áhrif á rannsóknir sem slíkar. Heidegger myndi eflaust vilja stjórna útkomunni sem fæst við að beita aðferð sinni, rétt eins og hann hefur áhrif á ferlið frá byrjun með því að bjóða upp á nýyrðin, en virðist þó gera sér grein fyrir því að hann hafi enga stjórn á neinum útkomum. Hann er margoft spurður að því í viðtali við þýska tímaritið *Der Spiegel* árið 1966 hvernig hann sjái fyrir sér áframhaldandi þróun í tæknivæðingu nútímans og er beðinn um að koma með ráð, en hann snýr sig alltaf út úr því og bendir einfaldlega aftur og aftur á kenningar sínar um aðra hugsun og yfirvegum:

Spiegel: Þér teljið yður ekki vera meðal þeirra sem gætu, bara ef hlustað væri á yður, vísað veginn?

Heidegger: Nei! Ég veit ekki um neina leið til þess að valda beinlínis breytingum á núverandi heimsástandi, sé slíkt yfirleitt í mannlegu valdi. En mér sýnist að ef hugsunin reynir geti hún hafið, skýrt og rennt stoðum undir áðurnefnda vakningu.⁷²

⁷¹ Martin Heidegger: *Contribution to Philosophy (From Enowning)*, bls. 131-132, þýðing mín.

⁷² Rudolf Augstein og Georg Wolf: „Einungis annar guð getur bjargað okkur – viðtal *Der Spiegel* við Martin Heidegger“, bls. 33.

4. Sköpunin

4.1 Listamaðurinn

Hvers vegna eru orðin og tungumálið útgangspunktur Heideggers að hugsanlegri rannsóknaraðferð? Hvers vegna skipta orð Heidegger svo miklu máli þegar kemur að því að finna nýjan útgangspunkt fyrir mannkyn? Jú, Heidegger hefur ákveðnar kenningar um mikilvægi orða, eins og til dæmis má sjá í „Tímabili heimsmyndanna“, þegar hann vitnar í gríska heimspekinginn Parmenides (515?-450? f. Kr.):

Ein af elstu yfirlýsingum í grískri hugsun snýr að Verunni og er svo hljóðandi: *To gar auto noein estin te kai einai*. Þessi setning Parmenidesar þýðir: Skilningur hvers sem er tilheyrir Verunni því honum er stjórnað og hann ákvarðaður af Verunni.⁷³

Í neðanmálsgrein við þessa tilvitnun segir að bein þýðing grísku setningarinnar sé: *Því hugsun og Vera eru sami hluturinn*,⁷⁴ og það varpar ljósi á útgangspunkt Heideggers.

Heidegger vill líka kalla orðin „hús verunnar“, eins og kemur fram í „Bréfi um mannhyggju“ („Brief über den Humanismus“).⁷⁵ Ef notast er við ákveðin orð þá birtast ákveðnar myndir í huganum og þær hafa áhrif á það sem hugað er.

Þetta má útskýra með dæmi af auglýsingastofu nútímans. Þar vinna textasmiðir öllum stundum við að semja auglýsingatexta til að selja ákveðnar vörur fyrir fyrirtæki. Ef textasmiðurinn er slyngur og hefur gott vald á að velja réttu orðin og nota réttu blæbrigðin stýrir hann hugsunum neytendanna. Textasmiðir bera ábyrgð á því að hugsanlegir kaupendur sjái „réttu“ myndirnar fyrir sér, sér í lagi ef auglýsingin styðst ekki við myndefni sem slíkt. Þetta er ekki ósvipað því sem Heidegger telur að ljóðskáldin hafi á valdi sínu.

⁷³ Martin Heidegger: „Tímabil heimsmyndanna“, bls. 129, þýðing mín.

⁷⁴ Martin Heidegger: „Tímabil heimsmyndanna“, bls. 129, þýðing mín.

⁷⁵ Martin Heidegger: „Letter on Humanism“, bls. 217, 223, 236, 237, 259, 260.

Vel má vera að það sé ómerkilegt að bera jafn kapítalískt fyrirbæri og textasmiði auglýsingastofanna saman við ljóðskáldin sem Heidegger heldur svo mikið upp á og hefur næstum í guðatölu. Skáldin, segir Heidegger, eru nefnilega best til þess fallin að skynja og skilja heiminn, því þau ná að koma heiminum í orð, fyrir alla hina til að lesa og skilja.⁷⁶ Munurinn á þessu tvennu er þó fyrst og fremst sá að í fyrra tilvikinu eru orðin notuð til að auka á neyslu og firringu nútímans, en í tilviki Heideggers er hann að vonast til að orð skáldanna framkalli vitundarvakningu hjá mönnum sem þurfa að hætta firringunni og sjá heiminn eins og hann er.

Listamenn, og sér í lagi skáldin, eru túlkar eða milligöngumenn milli veru manns og veru heims. Eins og Heidegger lýsir listamanninum er eins og hann hafi aðgang að hulduheimi sem hinn venjulegi maður hefur ekki, og flakki á milli þess heims og okkar heims og færi okkur upplýsingar. Listamaðurinn er boðberi sjálfs verksins, sem „birtist“ fyrir tilstilli hans. Heidegger lýsir náðargáfu listamanna af mikilli hrifningu í „Uppruna listaverksins“:

Það er einmitt í stórbrotinni list – og einungis slík list er skoðuð hér – sem listamaðurinn er léttvægur í samburði við verkið, næstum eins og göng sem eyða sér í sköpunarferlinu, til að verkið geti birst.⁷⁷

Hann skilgreinir listina sem birtingarform verunnar og sannleiks hennar, og við listsköpun verður til opið svæði verunnar:

Öll list, sem möguleiki á tilkomu sannleika veru, er sem slík, í eðli sínu, ljóðlist. Eðli listar, sem bæði listaverkið og listamaðurinn reiða sig á, er sannleikurinn-sem-er-að-gerast. Það er vegna ljóðræns eðlis listarinnar sem listin brýtur upp opið svæði í miðri verunni, og í opnuninni er allt öðruvísi en venjulega.⁷⁸

Hér kemur greinilega í ljós hvaða álit Heidegger hefur á ljóðlist sem slíkri. Merkingin sem hann leggur í ljóðlist er þó eitthvað töluvert meira en hið klassíska ferli sem felst í því að setja saman vísur eða kvæði. Hann tekur af allan vafa um hvað hann er að

⁷⁶ Martin Heidegger: *Contributions to Philosophy (From Enowning)*, t. d. bls. 281.

⁷⁷ Martin Heidegger: „Uppruni listaverksins“, bls. 166, þýðing mín.

⁷⁸ Martin Heidegger: „Uppruni listaverksins“, bls. 197, þýðing mín.

meina: „Öll list [] er [] í eðli sínu ljóðlist“, segir hann. Það er ljóðrænan sjálf sem felst í listinni, sem gerir henni kleift að brjóta upp hið opna svæði í verunni.

Heidegger á sennilega við það ástand sem list hefur möguleika á að skapa meðal þeirra sem njóta hennar; hið draumkennda ástand listunnandans þegar hann er á valdi listaverksins og heims þess, en samt sem áður ennþá staddur í hinum venjulega heimi. En það eru samt sjálf orð skáldanna sem opna heiminn mest og eru því máttugust. Daniela Vallega-Neu bendir einmitt á þetta í grein sinni „Poietic Saying“ í skýringarritinu *Companion to Heidegger's Contributions to Philosophy*:

Fyrir Heidegger er Hölderlin, rétt eins og Nietzsche, sá sem upplifði endalok frumspekinnar en einnig, (ólíkt Nietzsche), fann hann upp möguleikann á annarri byrjun í gegnum ljóð sín.⁷⁹

4.2 Opnunin

Heidegger er tíðrætt um mikilvægi opunarinnar. Í „Endalokum heimspeki og verkefni hugsunar“ sem fyrst kemur út árið 1968 í bókinni *Zur Sache des Denkens* hefur hann skipt út gömlu lykilorðunum sínum veru og tíma (*Being and Time/Sein und Zeit*) fyrir opnun og nærveru (*Clearing and Presence/Lichtung und Anwesenheit*).⁸⁰ Orðið *Lichtung* er eitt af tvíráðu orðum Heideggers, því það má einnig þýða sem opnun í skógi, eða það sem á íslensku kallast rjóður. Rjóðrið hleypir ljósinu inn í skóginn, en Heidegger segir frá mikilvægi þess að hafa gamalt þýskt orð, *Dickung*, í huga sem hægt er að þýða sem skógarþykkni á íslensku.⁸¹ Opnunin er því líka skógarrjóður og er stillt upp á móti andstæðu sinni, skógarþykkninu.

Heidegger er á kunnuglegum slóðum í þessari grein og gagnrýnir vísinda- og tæknisinnaða veröld, sem hann segir að hafi tekið yfir alla heimspeki og hugsun. Rétt eins og í *Framlögum* vill hann hverfa aftur til byrjunar heimspekinnar til að finna verkefni fyrir sjálfa hugsunina. Eftir að hann er búinn að útskýra hvað hann meinar með lokum heimspekinnar, segir hann:

⁷⁹ *Companion to Heidegger's Contributions to Philosophy*, bls. 75, þýðing mín.

⁸⁰ Martin Heidegger: „Endalok heimspeki og verkefni hugsunar“, í *Basic Writings*, bls. 428, þýðing mín.

⁸¹ Martin Heidegger: „Endalok heimspeki og verkefni hugsunar“, í *Basic Writings*, bls. 441, þýðing mín.

Öll frumspeki, líka mótherji hennar raunhyggjan, talar tungumál Platons. Grunnorð hugsunar hennar, það er, framsetning Veru veranna, er *eidōs, idea*: Ytri birtingarmynd veranna sjálfra. Ytri birting er samt nokkurs konar nærvera. Engin ytri birting án ljóss – Platon vissi það. En það er ekkert ljós og engin birta án opnunarinnar. Jafnvel myrkrið þarf á henni að halda. Hvernig væri annars hægt að villast inn í myrkrið og vafra í gegn um það?⁸²

Það er hægt að skilja þessa klausu á marga vegu, til dæmis með hellislíkingu⁸³ Platons. Ljósið þarf á myrkrinu að halda – og öfugt. Heidegger stillir hér enn saman andstæðum til að fá fólk til að hugsa. Myrkur er hægt að túlka sem villu mannsins í nútímasamfélagi og þörfina til að komast í ljós rjóðursins, sem er hin önnur byrjun. Það er ekki til lýsing nema miðað sé við myrkur, og eins er ekki til kenning hans um aðra byrjun nema miðað sé við fyrri byrjun.

Það mætti jafnvel segja að öll heimspeki snúist á einn eða annan hátt um þetta: Að vera ekki sammála einhverjum kenningum, en þurfa samt á þeim að halda til að forma sínar eigin því þær verða til við það að gera athugasemdir við hinar kenningarnar. Það er ákveðið flæði í þessu; flæði sem bendir til þess að ferðinni sé aldrei lokið. Heidegger er ekki að biðja okkur að draga nútíma vestræna hugsun í efa og hugsa upp á nýtt og láta þar við sitja. Hann biður okkur um að halda alltaf áfram að stilla upp andstæðum. Ljós þarf myrkur og myrkur þarf ljós.

4.3 Aletheia

Í textanum „Enownment“ nefnir Albert Hofstadter til sögunnar rit Heideggers frá 1947, *Úr reynsluheimi hugsunarinnar (Aus der Erfahrung des Denkens)* þar sem hann veltir fyrir sér nærveru (*Anwesen*) og forsendum nærveru (*Anwesen-lassen*). Þar er komin viss tvískipting á því sem er, og því sem lætur eitthvað vera.⁸⁴ Það má segja að Da-sein og Viður-eignin séu einnig fulltrúar þessarar tvískiptingar sem Heidegger lýsir þarna.

⁸² Martin Heidegger: „Endalok heimspeki og verkefni hugsunar“, í *Basic Writings*, bls. 444, þýðing mín.

⁸³ Sjá Platon: *Ríkið*, Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag, 2009.

⁸⁴ Albert Hofstadter: „Enownment“, bls. 358.

Hinir gömlu, grísku heimspekingar Heraklítos (um 535-475 f.kr.), Anaximander (um 610-546 f.kr.) og Parmenídes (um 515-ca.450 f.kr.) voru fyrstir til að hugsa um Veru sem nærveru. Nærveran var leið til að komast út í hið opna, sem afhjúpun eða opinberun (*Entbergung*) og ófelanleiki (*Unverborgenheit*). Orðið sem grísku spekingarnir notuðu um slíka opinberun var *aletheia* sem líka þýðir sannleikur.⁸⁵ Sannleikurinn er þó ekki sá hinn sami og við myndum kalla andstæðu lyginna, heldur sá sannleikur sem liggur sem grunnur undir öllum möguleikum um sannleika.⁸⁶

Hér má vel skilja sem svo að Heidegger sé að leita á náðir frummyndakenningar Platons⁸⁷ en þetta er þó alls ekki bara frummynd sannleikans, eða „sannasti“ sannleikurinn sem allir aðrir sannleikar myndu miðast við, heldur sú hugmynd um sannleika sem gerir öllum öðrum kleift að vera. Þetta er vissulega frumgerð, en hugmyndafræðileg frumgerð, og svo snýst sannleikur þessara grísku spekinga líka um að afhjúpa hið sanna, sem er undirliggjandi öllu, en falið.

Heidegger notar *aletheia* í báðum merkingum þessa orðs; hið sanna, og það sem falið er undir öllu og þarf að afhjúpa. Það er hið sanna sem Heidegger lítur á sem hið uprunalega, það sem við höfðum einu sinni aðgang að en höfum fyrir löngu gleymt. Í fyrirlestri sem kallast „Hegel og Grikkirnir“ („Hegel und die Griechen“) frá árinu 1958 segir hann að um *Veru og tíma* sé eingöngu hægt að hugsa í tengslum við *aletheia*. Opinberun verunnar er hinn ófaldi sannleikur, og við það verður til opnun alls sem hugsað er um á þennan hátt. Það er opnunin sem er hluti af aðferð Heideggers til að sjá undirliggjandi verusannleika.⁸⁸

Heidegger tjáir sig líka meira um opnunina og nauðsyn hennar fyrir hinn villuráfandi mann í fyrirlestri frá 1950 sem kallast „Hlutturinn“ („Das Ding“):

Með birtunni sem þessi hugsun færir inn í drungalegt kjarr heimsins, birtast hlutir heimsins sem það sem þeir eru og safnast saman í Viður-eign. Þar kemur

⁸⁵ Albert Hofstadter: „Enownment“, bls. 360-361.

⁸⁶ Albert Hofstadter: „Enownment“, bls. 360.

⁸⁷ Sjá t.d. Platon: *Ríkið, Síðara bindi*, bls. 144-164

⁸⁸ Albert Hofstadter: „Enownment“, bls. 361.

maðurinn auga á þá og kemur til þeirra og fer með þeim inn í frelsi rjóðursins sem þeim tókst að opna, og blandast þar hóp þeirra.⁸⁹

Heidegger reynir í gegn um skrif sín að komast á bak við þau hugtök sem okkur er tamt að hugsa um og nota. Hvort sem um er að ræða Veru, tíma, eða frelsi er hann ávallt að minna okkur á að líta á grunninn, á það sem gerir þessum hugtökum kleift að vera það sem þau eru. Við það að hugsa á þennan hátt komumst við „aftar“ í hugsunum okkar og Heidegger vill meina að þá verðum við vör við uppruna hugtakanna. Við þurfum að afhjúpa hugtökin með því að fjarlægja þær fjöldamörgu skilgreiningar sem á þau hafa verið hlaðin í gegn um aldirnar. Afhjúpað hugtak er hið ófelanlega, opinberaða hugtak og það er *aletheia* eða sannleikur og opnun á sama tíma.

Á hvaða hátt tekst okkur að frelsa hugtökin úr þeim fjötrum sem hugsanir okkar hafa komið þeim í? Í gegnum tíðina höfum við með hugsun okkar búið skilgreiningarnar og hugtökin til, og því værum við að láta hugsunina vinna gegn sjálfri sér að láta hana af-hugsa allar skilgreiningarnar og komast þannig aftur fyrir hugsunarferlið. Í þessu felst mótsögn, og Heidegger segir að þarna liggi vandi mannkynsins.⁹⁰

Ef við næðum að hugsa um Veruna, tímann eða frelsið í þeirra sönnustu myndum væri þetta vandamál úr sögunni en þegar við reynum fáum við alltaf upp ákveðnar birtingarmyndir þessara hugtaka, ákveðnar klisjur. Við leitum að því sem felur sig í opinberuninni.⁹¹ Viður-eignin er lykillinn að þessu vandamáli, og segir Heidegger að hún sé leyndardómurinn sem frelsar, hið trausta sem hefur ekki verið hugsað og hið sjálf-felandi sem færir allt inn í opnunina.⁹²

Heidegger vill að við nálgumst Viður-eignina með stökki og í tengslum manns við Veru sé hægt að skilgreina hugsunina, og komast að hinu sanna í afhjúpuninni sem á sér stað milli manns og veru. Þegar maður er maður en líka Vera, og Vera er Vera og líka maður eru tengsl þeirra ósýnileg því bæði Vera og maður eru líka hvort annað.

⁸⁹ Albert Hofstadter: „Enownment“, bls. 360, þýðing mín.

⁹⁰ Albert Hofstadter: „Enownment“, bls. 362.

⁹¹ Albert Hofstadter: „Enownment“, bls. 363.

⁹² Albert Hofstadter: „Enownment“, bls. 364.

Opnunin og sannleikurinn liggja þó í þessum tengslum milli manns og Veru og þar vill Heidegger að við dveljumst, í því millibili sem er sameiginlegt Veru og manni, en skilur einnig milli þeirra.⁹³

4.4 Orðin og tónlistin

Það er áhugavert að skoða *Framlög*in með hliðsjón af orðanotkun Heideggers. Aðferð Heideggers, að beita fyrirbærafræðilegri frestun og afturfærslu til að komast á annan upphafspunkt en gera það með nýjum orðum, er ein leið til að lesa *Framlög*in. Bókina má jafnvel lesa gagngert sem tilraun hans til að leika sér með orð til að flytja sjálfan sig og lesendur hennar til þess áfangastaðar sem jafnframt er nýr upphafsreitur. Heidegger segist reyndar vera að segja „það sama um hið sama“ í gegn um bókina alla og því sé mikið um endurtekningar:

Hver hlutanna sex af heildinni er sjálfstæður, en bara til að gera hina nauðsynlegu heild meira áriðandi. Í sérhverjum hluta er reynt að segja það sama um hið sama, en á hverjum stað út frá nýju sviði innan Viður-eignarinnar. Útávið og í brotum er auðvelt að finna „endurtekningar“ alls staðar. En það sem er erfiðast er að bregðast við tengingunni, sýna þolinmæði vegna hins sama, verða vitni að ósvikinni dvöl í meðtekinni hugsun.⁹⁴

Þessi hugsun hans, hið sama um hið sama, kemur einnig fyrir í lokum fyrirlestursins „Tíma og veru“:

Hvað á eftir að segja? Einungis þetta. Viður-eignin viður-eignar. Þegar við segjum þetta, segjum við það Sama vegna hins Sama um hið Sama.⁹⁵

Texti *Framlaganna* hefur óteljandi byrjanir og óteljandi enda, og raunar er hægt að grípa nær hvar sem er niður í hann og fá sömu merkingu – að því gefnu að maður nái því sem stendur þar. Það er raunar prýðileg greining hjá Heidegger að orða þetta með því að segja að textinn segi það sama um hið sama, og í grein John Sallis í

⁹³ Albert Hofstadter: „Enownment“, bls. 367.

⁹⁴ Martin Heidegger: *Framlög til heimspokinnar (Um Viður-eign)*, bls. 57, þýðing mín.

⁹⁵ Martin Heidegger: „On time and being“, bls. 24, þýðing mín.

skýringarritinu *Companion to Heidegger's Contributions to Philosophy* er textanum bæði líkt við tónverk og vefnað frekar en hefðbundinn texta:

...vefur tvíteknum þráðunum í sífellu kring um sama pólinn eða í hið minnsta kring um öxulinn sem er festur við þann pól.⁹⁶

Nokkru fyrir í sömu grein segir hann:

Það er ómögulegt að lesa þetta furðulega verk á hefðbundinn hátt, í réttri röð, eins og ef þetta væri bók sem héldi áfram frá byrjun til miðhluta til loka, og færi frá kenningu til niðurstöðu. Kaflar bókarinnar eru meira eins og kaflar í afar sérstæðu tónverki.⁹⁷

Sú aðferð sem Heidegger beitir, að skrifa ekki samfelldan texta heldur takast stöðugt á við efnið upp á nýtt, er í grunninn mjög fyrirbærafræðileg og í samræmi við þær hugmyndir sem Husserl hafði til heimspekinnar. Husserl sagði þetta vera nauðsynlegt til að viðhalda undruninni til heimsins. Merleau-Ponty ræðir þessar hugmyndir Husserls í „Formála að *Fyrirbærafræði skynjunarinnar*“:

Heimspekin verður því að beina til sjálfrar sín sömu spurningum og hún leggur fyrir allar afurðir þekkingarinnar. Fyrir vikið tekur hún stöðugt á sig nýjar myndir og verður, eins og Husserl orðar það, óendanleg samræða eða íhugun, og ef hún á að vera ætlun sinni trú mun hún aldrei vita hvert hún stefnir. Þau einkenni fyrirbærafræðinnar að vera ófullkomin og stöðugt á byrjunarstigi eru ekki til marks um að hún hafi siglt í strand heldur eru þau óhjákvæmileg vegna þess að fyrirbærafræðin einsetur sér að svipta hulunni af leyndardómi heimsins og skynseminnar.⁹⁸

⁹⁶ *Companion to Heidegger's Contributions to Philosophy*, bls. 181, þýðing mín.

⁹⁷ *Companion to Heidegger's Contributions to Philosophy*, bls. 172, þýðing mín.

⁹⁸ Maurice Merleau-Ponty: „Formáli að *Fyrirbærafræði skynjunarinnar*“, bls. 125.

4.5 Hölderlin

Í 5. kafla fyrsta hluta *Framlaganna*, sem nefnist „Fyrir hina fáu og sjaldgæfu“ lýsir Heidegger mögulegri útkomu ef Viður-eigninni er beitt. Maðurinn hafði týnt sér í tungumálinu og því gat hann ekki lengur tjáð sig um það sem skipti máli. Tungumálið var orðið svo úþvælt að maðurinn gat ekkert tjáð sig um nokkurn skapaðan hlut.

Þess vegna, að mati Heidegger, yfirgáfu guðirnir mennina. Takmarkið er að komast á staðinn sem við mennirnir vorum á áður en fór að halla undan fæti, en vandamálið er að við hugsuðum okkur í burtu frá þeim stað. Það er ekki hægt að nota hugsanir til að hugsa í burtu hugsanir og þess vegna kemur Heidegger í hug að beita orðum til að stýra hugsunum okkar fram fyrir alla heimspekisöguna.

Engum er betur treystandi en ljóðskáldum til að leiða mennina á réttar slóðir svo önnur byrjun geti hafist. Ljóðskáldin nota tungumálið á annan hátt en aðrir, því þau velta fyrir sér hverju orði og reyna að glæða það lífi. Þeirra hráefni eru orð, og því kunna ljóðskáldin betur með þau að fara en aðrir. Þegar ljóðskáldinu tekst vel til sjá lesendur ljóðsins fyrir sér heim sem birtist í huganum eins og opnun. Við að lesa meitlaðan texta fara hugsanir okkar af stað, en það má ekki segja of mikið og heldur ekki of lítið. Skáldsögur gera ekki það sama og ljóðrænan.

Julian Young kemur inn á þetta í grein sinni „Schopenhauer, Heidegger, art, and the will“ sem kom út 1996. Hann talar um skáldin sem þau einu sem átti sig á firringu mannkynsins:

Mannkyn nútímans er heimilislaut í þeim skilningi að hafa tapað jarðtengingu Verunnar sem var algeng á fyrri tímum. Það sem verra er, fyrir utan hin sjaldgæfu, einangruðu skáld höfum við glatað möguleikum okkar á að verða vör við heimilisleysið.⁹⁹

Örlítið aftar í sömu grein nefnir hann flótta guðanna:

⁹⁹ Julian Young: „Schopenhauer, Heidegger, art, and the will“, bls. 171, þýðing mín.

Dauði guðs, eða „Flótti guðanna“ eins og Heidegger kys að kalla það, er í raun eyðilegging þess að við getum skynjað veröldina sem ljóðræna, fulla af lotningu og „heilaga“. Smættun alls niður í hráefni er eyðilegging þess „rýmis“ þar sem einungis guð eða guðir geta birtst.¹⁰⁰

Heidegger hefur hugmyndina um heimilisleysið vegna skorts á jarðtengingu frá uppáhaldsskáldinu sínu, Hölderlin. Í „Bréfi um mannhyggju“ segir hann frá ljóði Hölderlin sem kallast *Heimkynni*:

Hins vegar er líka minnst á kjarna heimalandsins með það fyrir augum að hugsa heimilisleysi nútímamannsins útfrá sögu Verunnar. Nietzsche var síðastur til að upplifa þetta heimilisleysi. Innan frumspekinnar tókst honum ekki að finna neina aðra leið út en að snúa frumspekinni við. En það er hámark tilgangsleysisins. Aftur á móti, þegar Hölderlin semur „Heimkynni“ er honum umhugað um að „landar“ hans finni eðli sitt.¹⁰¹

Ljóðið *Heimkynni* eða *Die Heimat* hefst á mikilli dramatík, og maður finnur undir eins fyrir fortíðarþránni og söknuði eftir einhverju sem nú er breytt:

Froh kehrt der Schiffer heim an den stillen Strom,
Von Inseln fernher, wenn er geerntet hat;
So käm' auch ich zur Heimat, hätt ich
Güter so viele, wie Leid, geerntet.¹⁰²

Ef þessum ljóðlínnum er snarað yfir á íslensku þá gætu þær hljómað eitthvað á þessa leið:

Glaður siglir skipstjórinn heim í lygnan straum
Frá fjarlægum eyjum sem hann hefur uppskorið
Þannig kæmi ég líka heim, hefði ég
uppskorið góss til jafns við þjáningu¹⁰³

¹⁰⁰ Julian Young: „Schopenhauer, Heidegger, art, and the will.“, bls. 171, þýðing mín.

¹⁰¹ Martin Heidegger: „Bréfi um mannhyggju“, bls. 241, þýðing mín.

¹⁰² Hölderlin: Die Heimat, fannst á <http://www.textlog.de/17836.html>

¹⁰³ þýðing mín.

Hér hefur manneskjan ekki beint glatað heimili sínu, sem hún svo gjarnan vildi snúa aftur til, heldur finnst henni sem hún hafi þjáðst of mikið til að eiga rétt á að snúa þangað aftur. Hún hefur ekki upp á neitt að bjóða nema þjáningu og vill ekki taka hana með sér heim. Manneskjan er borin saman við skipstjóra sem stýrir skipi af öryggi, og öryggisleysi mannsins því gefið í skyn í leiðinni.

Það er auðvelt að sjá hverju Heidegger hrífst af í ljóðum Hölderlins, því rötleysi, fíring og heimilisleysi eru gífurlega sterkar tilfinningar, og hafa verið vinsælar yrkisefni í gegn um tíðina. Hölderlin dagsins í dag gæti rétt eins heitið Tom Waits (1949 -), en hann semur um flökkukindur og ógæfufólk í leit að ró.

Heidegger lýsir heimilisleysinu ögn aftar í „Bréfi um mannhyggju“, og tengir þá beint við Verugleysku:

Heimilisleysi í þessum skilningi felst í því að veran yfirgefur Veruna. Heimilisleysi er einkenni Verugleysku. Vegna hennar er Verusannleikur áfram óhugsaður.¹⁰⁴

Heidegger talar um fleiri ljóð Hölderlin í textum sínum, og ávallt í tengslum við sömu þemu: skort á tengslum manns við náttúru, og í kjölfarið guðleysi heimsins.

Heidegger var til að mynda mjög innblásinn af ljóði Hölderlin „Wie wenn am Feiertage“, „Eins og á frídegi“, en í lok þess láta guðirnir eldingum rigna yfir ábúendur jarðar:

Und daher trinken himmlisches Feuer jetzt
Die Erdensöhne ohne Gefahr.
Doch uns gebührt es, unter Gottes Gewittern,
Ihr Dichter! mit entblößtem Haupte zu stehen,
Des Vaters Strahl, ihn selbst, mit eigener Hand
Zu fassen und dem Volk ins Lied
Gehüllt die himmlische Gabe zu reichen.
Denn sind nur reinen Herzens,

¹⁰⁴ Martin Heidegger: „Bréf um mannhyggju“, bls. 242, þýðing mín.

Wie Kinder, wir, sind schuldlos unsere Hände,

Des Vaters Strahl, der reine, versengt es nicht
Und tieferschütttert, die Leiden des Stärkeren
Mitleidend, bleibt in den hochherstürzenden Stürmen
Des Gottes, wenn er nahet, das Herz doch fest.
Doch weh mir, wenn von
Weh mir!¹⁰⁵

Inntak þessara ljóðlína er eitthvað á þá leið að jarðarsynir drekki nú himneskan eld án áhættu, og ljóðskáldin standi berhöfðuð undir þrumuguðinum. Hrein hjörtu okkar, rétt eins og barna, gera hendur okkar saklausar.

Þetta ljóð er mun tormeltara, og skilaboðin alls ekki eins skýr og í *Heimkynnunum* en Heidegger lagði þó mikla áherslu á þetta ljóð. Guðirnir eru hér að refska mönnunum sem eru þó öruggir ef þeir hafa saklaus hjörtu. Það mætti túlka þetta á þann hátt að mennirnir þurfi að yfirgefa guðina til að fara í gegn um hreinsunareld og verða saklausir eins og börn áður en þeir sameinist guðum sínum aftur, en ég kys að láta hér staðar numið í ljóðtúlkunum mínum á Hölderlin. Áhrif hans á Heidegger eru þó ótvíræð og skrif Heideggers bera þess víða merki. Síðasti kafli *Framlaganna*, sem er númer 281 og nefnist „Tungumál (uppruni þess)“¹⁰⁶, hefst til dæmis á nokkrum línum sem greinilega eru skrifaðar undir áhrifum frá Hölderlin:

Þegar guðir kalla til jarðar og veröld ómar í kallinu og kallið bergmálar sem Dasein mannsins, þá er tungumálið frásagnarhátturinn, sögulegt jarðsamband orðsins.¹⁰⁷

Án vitneskju um Hölderlin væri mun erfiðara að skilja hvað Heidegger væri að meina með þessu, en hann er einfaldlega að bergmála ákveðna stemmningu og ljóðrænu sem hann hefur frá Hölderlin.

¹⁰⁵ Hölderlin: Wie wenn am Feiertage, fannst á <http://nussbaum.home.solnet.ch/volltexte/feiertage.htm>

¹⁰⁶ Martin Heidegger: *Framlög til heimspekinnar (Um Viður-eignina)*, bls. 358, þýðing mín.

¹⁰⁷ Martin Heidegger: *Framlög til heimspekinnar (Um Viður-eignina)*, bls. 358, þýðing mín.

5. Flótti guðanna

5.1 Síðasti guðinn

Það sem vakir fyrir Heidegger er að beita nýjum orðum til að glæða hugmyndir okkar nýrri merkingu. Ný orð gera það að verkum að við komumst út úr núverandi guðlausu ástandi og „hoppum“ afturábak til þess tíma þegar ekki var búið að ofurskilgreina allt, flokka allt, tengja alla og allt við alla og allt. Við vel heppnað heideggerískt hopp komumst við á opið svæði í hinum fræga hugmyndaskógi hans og þar hugsum við öðruvísi en áður því við sjáum betur til. Við erum ekki lengur týnd í orðaflaumi vísindalegra og frumspekilegra skilgreininga, heldur stöndum í rjóðri, og þá vilja guðirnir koma aftur til okkar. Þetta er það sem Heidegger kallar „síðasta guðinn“ og í hans návist verða orðin, meira að segja þessi nýju, óþörf:

Nálægð síðasta guðsins er þögn. Þessa þögn verður að nýta í vinnu og orði með því að temja sér fálæti.¹⁰⁸

Fálætið (*Verhaltenheit*), sem kannski má líka kalla hlédrægni, er nauðsynlegt hverjum þeim sem ætlar sér að komast í rjóður annarar byrjunar og hitta guðina á ný.

Heidegger hefur óspart hampað orðum sem við getum stjórnað hugsunum okkar með, en á sama tíma hampar hann fálæti, því það er sú kyrrð sem maðurinn þarf að tileinka sér. Þarna er komið enn eitt andstæðuparið sem Heidegger þarf á að halda til að ná sínu heimspekilega jafnvægi: Orðin og þögnin eru mannum jafnmikilvæg, því orðin, (þessi nýju) koma manni á staðinn, (í opnunina) þar sem þögnin og fálætið ríkir, og mennirnir verða að beita nýjum orðum til að komast að þögninni og þá fyrst birtast síðustu guðirnir og þeir verða eitt með Verunni:

Fálætið er sterkasti og jafnframt mildasti undirbúningur Daseins-ins fyrir Viður-eign, fyrir að vera kastað inn í eignina sem stendur innan sannleiks viðursnúnings Viður-eignar. Fullnaðarþekking á síðasta guðinum kemur

¹⁰⁸ Martin Heidegger: *Framlög til heimspekinnar (Um Viður-eignina)*, bls. 9, þýðing mín.

eingöngu með fálæti; fálæti blæs lífi í djúpa þögnina vegna þekkingar og vegna síðasta guðsins.¹⁰⁹

Fálætið sem síðar blæs lífi í þögnina hljómar eins og það hugleiðsluástand sem hugleiðarar reyna að komast í, til þess að ná uppljómun og sjá guð. Orðin eru dýr og okkur ber að vanda val okkar á því sem við kjósum að segja eða segja ekki, og að lokum náum við djúpri þögn og þá lærum við loks að þekkja síðasta guðinn. Þetta er ekki slæm lýsing á hugleiðslu sem einnig er ágætis leið til að tæma hugann og hugsu aðrar og nýjar hugsanir. Hefur Heidegger það eitt að markmiði að mannkynið leggi stund á hugleiðslu? Eða er það flæði sem hin nýja hugsun kemur manningnum í einfaldlega sambærilegt við það hugleiðsluástand sem hugleiðarar allra landa hafa stundað í árþúsundir?

5.2 Upphugsun

Í greininni „The Event of Enthinking the Event“ í bókinni *Companion to Heidegger's Contributions to Philosophy* vitnar Richard Polt í 42. kafla í *Framlögum*, sem kallast „Frá ‘Veru og tíma’ til ‘Viður-eignar’“:¹¹⁰

Göngustígur „enthinking“ verunnar hefur ekki enn verið teiknaður á kortið. Umráðasvæðið verður fyrst til...í gegnum og sem leið „enthinking“. Þetta umráðasvæði er þar sem „enthinking“ fer fram. (CP,60) „Enthinking“ er ekki kortagerð – ekki lýsing á ákveðnu fyrirbæri – heldur ævintýri; og þetta ævintýri er nákvæmlega það sem „enthinking“ er um. Við getum sagt til bráðabirgða, að atburður „enthinking“ sé sá atburður að hann „enthinks“. „Enthinking“ er Viður-eign sem hið nauðsynlega áframhald verunnar.¹¹¹

Til þess að þessi klausa geti orðið til nokkurs gagns þarf augljóslega að þýða hugtakið „enthinking“. Möguleg þýðing gæti verið „Upp-hugsun“ þar sem þýska orðið sem er notað, *erdenken*, þýðir að finna upp. Textinn hér að ofan lítur þá svona út:

¹⁰⁹ Martin Heidegger: *Framlög til heimspekinnar (Um Viður-eignina)*, bls. 24, þýðing mín.

¹¹⁰ Martin Heidegger: *Framlög til heimspekinnar (Um Viður-eignina)*, bls. 58, þýðing mín.

¹¹¹ Richard Polt: „The Event of Enthinking the Event“, bls. 89, þýðing mín.

Göngustígur Upp-hugsunar verunnar hefur ekki enn verið teiknaður á kortið. Umráðasvæðið verður fyrst til...í gegnum og sem leið Upp-hugsunar. Þetta umráðasvæði er þar sem Upp-hugsunin fer fram. (CP,60) Upp-hugsun er ekki kortagerð – ekki lýsing á ákveðnu fyrirbæri – heldur ævintýri; og þetta ævintýri er nákvæmlega það sem Upp-hugsun er um. Við getum sagt til bráðabirgða, að atburður Upp-hugsunarinnar sé sá atburður að hann upphugsar. Upp-hugsun er Viður-eign sem hið nauðsynlega áframhald verunnar.¹¹²

En ekki er nóg að geta þýtt orðið með öðru orði, og vita samt ekkert hvað það þýðir.

Viður-eignin er sá atburður þegar Da-sein hoppar út úr núverandi ástandi heims og yfir í aðra byrjun með hjálp nýrra orða. Við það breytist hugsun þess þannig að ný svæði opnast og Da-sein og síðasti guðinn geta sameinast í verunni. En er þá *enthinking* eða Upp-hugsunin ekki réttilega önnur hugsun, byggð á fyrstu hugsuninni, rétt eins og *enowning* er „önnur byrjun“ en sú gríska?

Ég held að svo sé, og önnur hugsun Heideggers kallast *Erdenken* á frummálinu og tengist beint *Ereignis*, og er þýdd sem *enthinking* á ensku í tengslum við *Enowning*, en færi líklega betur sem Upp-hugsun heldur en Við-hugsun á íslensku, þótt hún tengist Viður-eign. Það má líka bæði tengja Upp-hugsun við sköpun og hið æðra eða þróaðra, því hugsun sem fer upp kemur manni á „hærra plan“. Upp-hugsunin verður til við „annað tungumál“ í ferli sem á sér stað í flæði og allt saman kallast það Viður-eign.

Polt vill meina að Upp-hugsunin sé Viður-eignin:

Veran og Upp-hugsunin reiða sig á hvora aðra; þær passa saman því þær tilheyra báðar sjálfri sér og hvorri annari. Að þessu leiti „er“ Upp-hugsun Viðureign.¹¹³

Viður-eignin á sér stað í hugsunum okkar, og ef við byrjum að hugsa okkur út úr Veru til að komast aftur í Veru, þá verður til rými sem er tómt og gefur okkur tækifæri á að hugsa upp á nýtt, og þá getum við valið hvað við þurfum að hafa af gömlu skilgreiningunum og hvað við viljum endurskapa. Þegar okkur tekst að vera sífellt í endursköpuninni erum við að stunda Upp-hugsun. Við hugsum með

¹¹² Richard Polt: „The Event of Enthinking the Event“, bls. 89, þýðing mín.

¹¹³ Richard Polt: „The Event of Enthinking the Event“, bls. 91, þýðing mín.

tungumálinu okkar, það er að segja tungumálið leiðir hugsunina okkar og öfugt, og því öðlumst við aðra byrjun með því að verða meðvituð um tungumálið og breyta því jafnvel til að komast út úr því fari eða þeirri hefð og venju sem við höfum hingað til verið föst í. Tungumálið leiðir hugsun sem leiðir okkur út í stökkið úr Verunni sem leiðir okkur í Viður-eign og þetta ferli eigum við að stunda til að geta átt áframhald í Veru okkar.

5.3 Austræn áhrif

Í *Veru og tíma* fer Heidegger yfir tengsl milli Dasein, Veru, tíma og heims, og tekst svo á við endanleika Daseins, sem markaður er af fæðingu og dauða við sinn hvorn enda ævi hvers manns. Hver og einn einstaklingur er lifandi sönnun á endanleika mannsins, því þrátt fyrir óendanlega fjölbreytni eiga allir hér í heimi sameiginlegt að fæðast, lifa og deyja. Heidegger fjallar um angistina og neindina, út frá endanleika mannsins, og líkjast dekkri hliðar heimspeki hans sumum kenningum þýska heimspekingsins Arthurs Schopenhauer (1788-1860).¹¹⁴

Höfuðrit hans frá árinu 1818, *Die Welt als Wille und Vorstellung*, hefur ýmist verið þýtt á íslensku sem *Heimurinn sem vilji og framsetning* eða *Heimurinn sem vilji og ímynd*.¹¹⁵ Schopenhauer var fyrstur vestrænna heimspekingsa til að blanda austrænum fræðum við vestræna heimspeki, en hann varð fyrir miklum áhrifum frá indverskri frumspeki og þá helst helgiritum hindúisma sem heita *Upanishad*. Í stuttu máli leit Schopenhauer á heiminn sem vondan stað því allt lyti þar viljanum sem væri í eðli sínu neikvæður, og sökum þess þjáist mannfólkið. Kenningar hans benda þó á færa leið út úr heiminum yfir í eitthvað annarlegt ástand sem æskilegt er að dvelja í.¹¹⁶

Þrátt fyrir að kenningar Schopenhauer séu tveggja heima kenningar er hægt að bera þær saman við kenningar Heideggers um Viður-eignina. Heidegger myndi reyndar aldrei samþykkja að heimurinn stjórnaðist í eðli sínu af illum vilja, og lítur frekar á

¹¹⁴ Schopenhauer eyddi töluverðu þúðri í að ræða dauðleika mannsins í heiminum og meðvitund hans þar um, og byggir kenningar sínar á því hvaða áhrif sú meðvitund hefði á líf mannsins. Schopenhauer er sá heimspekingsur sem hafði hve mest áhrif á Nietzsche, svo það þarf engan að undra að einhverra áhrifa gæti frá heimspeki Schopenhauers til heimspeki Heideggers.

¹¹⁵ Sjá <http://hugsandi.is/articles/spor-i-soegu-vestraennar-fagurfraedi-schopenhauer/>

¹¹⁶ Sjá nánar í BA-ritgerð minni: *Tónlist sem tákni um möguleika og frelsi – Tónlistarfrumspeki Arthurs Schopenhauer*.

nútímataækni sem þann sökudólg sem orsakar verugleymsku mannsins. Heidegger er heldur ekki tveggja heima heimspekingur, enda er hið forskilvitlega stökk alls ekki stökk yfir í annan heim, heldur einungis annars konar hugsunarháttur sem fær fólk til að ígrunda þennan eina og sama heim upp á nýtt.

Það sem Heidegger og Schopenhauer eiga hins vegar sameiginlegt er það að komast á eitthvað ákveðið stig verunnar og dvelja þar til að geta betur íhugað það sem koma skal. Þótt Schopenhauer kalli það heim handan grárrar slæðu og Heidegger kalli það opið svæði eða rjóður í skógi eru báðir þessir staðir aðeins til í huga þess manns sem hefur náð að róa sig og náð að einbeita sér. Schopenhauer mælir með hjálpartækinu tónlist til að koma fólki handan slæðunnar, en Heidegger bendir fólki á orð skáldanna sem það hjálplega við að stökkva í rjóður og hitta guðina sem hafa yfirgefið það.

Raunar talar Schopenhauer bara um tímabundið hlé frá heiminum en Heidegger segir Viður-eignina vera flæði sem eigi sér stað innan heimsins og muni að lokum gera heiminn að betri stað. Sjálf dvölin er það sem Schopenhauer og Heidegger eiga sameiginlegt, en það hvar maðurinn dvelst er eitthvað sem þeir virðast ekki vera sammála um. Á meðan schopenhauerísk dvöl á sér stað handan slæðu hins gráa veruleika, og er tímabundin pásá sem gefur fólki aukið þol gegn hversdeginum, er heideggerísk dvöl ferli sem ætla mætti að gerðist í rauntíma, innan þessa heims, en í hugskoti okkar mannanna. Þegar maðurinn hverfur frá heidegger-ískri dvöl sinni aftur til heimsins ætti hann ekki aðeins að hafa bætt sjálfan sig heldur haft góð áhrif á heiminn sjálfan í leiðinni, því maðurinn og heimurinn eru báðir hluti af verunni. Kenningar Heideggers eru því ósjálfrátt aðeins jákvæðari og gefa mannum meiri von um að heimurinn geti mögulega farið batnandi, en kenningar Schopenhauers fela í sér að heimurinn sé vondur staður en okkar sé að komast út úr honum tímabundið, til að styrkja okkur fyrir áframhaldandi líf innan hins illa heims.

Tónlist er öðrum listum æðri hjá Schopenhauer því hún inniheldur sjálfan viljann, rétt eins og Heidegger telur ljóðskáld hafa betri aðgang að verunni því þau kunni að fara með orð. Schopenhauer segir að þegar einhver leggi stund á eða hlýði á tónlist skapist flæði sem verður hinum hversdagslegu skynjunum yfirsterkari, og því nær sá hinn sami að stöðva tímann og „dvelja“. Heidegger fer aðra leið í aðferð sinni til að komast inn í opnunina, og leggur ríka áherslu á að önnur byrjun hefjist með öðru tungumáli, og skáldin geti þar hjálpað.

Þó er annað sem sameinar þá því í kenningum beggja eru merkjanleg áhrif frá austrænum fræðum, en meðan Schopenhauer gengst við áhrifum sínum úr Hindúisma er Heidegger tregur til að viðurkenna að austræn fræði hafi orðið honum innblástur. Heilmikið hefur verið gefið út af textum þar sem farið er í saumana á austrænum áhrifavöldum Heideggers, en hann var til dæmis alla tíð mikill áhugamaður um Japan og japanska menningu.

Reinhard May skrifar einkar áhugaverða bók um efnið sem nefnist *Heidegger's hidden sources*¹¹⁷ og þar eru til dæmis hugmyndir Heideggers um neindina og opnunina bornar saman við búddisma og daóisma. Þó má vel vera að Heidegger hafi fyrst og fremst fengið áhrif sín frá Schopenhauer og við að lesa austurríska heimspekinginn Martin Buber (1878-1965) sem hafði þýtt og ritstýrt nokkrum ritum um zen-búddisma og daóisma. Hann gæti einfaldlega hafa kynnst ritum hindúisma, búddisma og daóisma í gegn um þýskar þýðingar og þannig fengið veður af þeirra hugmyndum.

Í samanburðargrein Julian Young á Schopenhauer og Heidegger segir í síðustu neðanmálsgreininni að ómögulegt sé að segja hvort Heidegger hafi haft beinan aðgang að textum Schopenhauers. Hann hafi þó bæði lesið Nietzsche og Kierkegaard (1813-1855) og síðast en ekki síst skáldið Rilke (1875-1926) sem var vel að sér í Schopenhauer, og Heidegger las reglulega.¹¹⁸

Þegar upp er staðið skiptir þó litlu máli hvort eða hvenær Heidegger hefði átt að hafa aðgang að austrænum fræðum því heimspeki hans er langt frá því að vera eingöngu endurtekning þeirra, þótt vel megi vera að þau hafi litað ákveðnar hugmyndir. Einn hans uppáhalds heimspekingur, Heraklítos, sagði einmitt að ómögulegt væri að stíga tvisvar í sömu ána, og það gæti vel átt við hér.

5.4 Tækni og guð

Í textunum „Tímabili heimsmyndanna“ frá árinu 1938 og í „*Spiegel*-viðtalinu“ frá árinu 1966 útskýrir Heidegger að maðurinn þurfi að átta sig á allri þeirri firringu sem á sér stað í heiminum, og ræðst bæði á örur tækniframfarir og þörf mannsins fyrir

¹¹⁷ Reinhard May: *Heidegger's hidden sources*. London og New York, Routledge, 2005.

¹¹⁸ Julian Young: „Schopenhauer, Heidegger, art, and the will“, bls. 180.

fjöldamenningu, og telur maðurinn jafnframt hafa glatað jarðtengingu og í leiðinni kjarna sínum og eðli. Heidegger talar líka um af-guðun og þörf mannsins fyrir einhvers konar guð, án þess þó að til komi trúarbrögð, en þau telur hann bara vera hluta af firringunni sem maðurinn hefur sjálfur gert að raunveruleika sínum í heiminum. Báðir þessir texta, ásamt „Spurningu er varðar tækni“ koma út eftir að Heidegger ritaði *Framlög* og tel ég að Heidegger hafi í þeim þróað skoðanir sínar úr *Framlögum*. Til dæmis eru í lok *Framlaganna* kaflarnir „Saga“, ¹¹⁹ „Frumspeki og uppruni listaverksins“, ¹²⁰ og „Hvað með guðina?“¹²¹ og í þeim reifar hann hugmyndir sínar sem rætt er um í fyrrnefndum ritum.

Heidegger vill gera lesendum sínum ljósa villu sína og firringu, og *Viður-eignin* er leið Heideggers fyrir manninn til að „þjargast“ aftur á þann stað sem hann var á áður en tæknin fór úr böndunum. Viður-eignin er aðferð sem okkur mönnum stendur til boða til að sjá náttúruna og eðlilegt/eðlislægt ástand okkar í heiminum, ef við náum að hugsa okkur burt frá tækninni. Hölderlin virðist hafa haft það sterk áhrif á Heidegger að hann sá í ljóðum hans, fögrum náttúrulýsingunum, heim sem hann taldi vera að hverfa undir framleiðslu og iðnað. Í *Spiegel*-viðtalinu útskýrir Heidegger bakgrunn hugmynda sinna um guðleysið og tæknina:

Hugmyndir mínar standa í óumflýjanlegu samhengi við ljóð Hölderlins. Ég tel Hölderlin ekki vera eins og hvert annað skáld, og verk hans eitthvað sem bókmenntasagnfræðingar hafa að viðfangsefni, ásamt verkum margra annarra. Hölderlin er fyrir mér það skáld sem vísar til framtíðar, sem væntir guðs og getur þess vegna ekki orðið einungis viðfangsefni Hölderlinrannsókna og greinargerða í bókmenntasögu.¹²²

Náttúrúrkunin í ljóðum Hölderlins á upp á pallborðið hjá Heidegger, sem vill meina að með nútíma tæknivæðingu sé eitthvað ferli farið af stað sem maðurinn sjái ekki fyrir endann á. Hvort sem Heidegger hefur rétt fyrir sér eða ekki sér hann hinar öru tækniframfarir nútímans eins og rúllandi snjóbolta sem verður stærri og stærri og

¹¹⁹ Martin Heidegger: *Framlög til heimspeki (út frá Viður-eign)*, bls. 346, þýðing mín.

¹²⁰ Martin Heidegger: *Framlög til heimspeki (út frá Viður-eign)*, bls. 354, þýðing mín.

¹²¹ Martin Heidegger: *Framlög til heimspeki (út frá Viður-eign)*, bls. 357, þýðing mín.

¹²² Rudolf Augstein og Georg Wolf: „*Spiegel*-viðtalið“, bls. 34.

stefnir beint á manninn sem stendur sem lamaður neðst í brekkunni. Í *Spiegel*-viðtalinu kemur hann aftur og aftur að þeim punkti að eitthvað annað verði að koma til, því núverandi ástand sé ekki boðlegt eða viðráðanlegt:

[...] nútíma tæknivæðing heimsins er afl sem hefur haft svo mikil áhrif á framvindu sögunnar að það er varla hægt að ofmeta það. Mér finnst það vera afgerandi spurning nú á dögum hvernig – yfirleitt nokkurt – stjórnarfyriřkomulag geti lagað sig að tækniöldinni. Ég er ekki viss um að það væri lýðræðið.¹²³

Hann klykkir út með þessu, nokkrum línum neðar:

Tækni er í eðli sínu eitthvað sem maðurinn getur ekki ráðið við sjálfur.¹²⁴

Andri Snær Magnason (1973 -) deilir tækni-efasemdum með Heidegger og í nýlegri bók sinn, *Draumalandinu*, má í lokakafli bókarinnar finna þessa einföldu en áhugaverðu þælingu:

Maðurinn er frjálś. Vélin þjónar manninum. Ef vélin þjónar ekki manninum er best að slökkva á henni.¹²⁵

Þetta gæti í raun og veru verið svona einfalt. Ef vélin þjónar ekki manninum er best að slökkva á henni. Ef dagskrá sjónvarpsins er leiðinleg má alveg slökkva á því. En það er meðvitundarleysi mannsins um firringu sína sem Heidegger heldur fram í kenningum sínum. Maðurinn virðist vera fastur í tækninni, og gerir sér ekki grein fyrir því að eitthvað sé athugavert við það. Nútímamaður eyðir stórum hluta frítíma síns (utan vinnutímans) af fúsum og frjálsum vilja fyrir framan sjónvarp eða tölvu í stað þess að vera úti á meðal fólks eða gera eitthvað skapandi. Nýjasta æðið er

¹²³ Rudolf Augstein og Georg Wolf: „*Spiegel*-viðtalið“, bls. 29.

¹²⁴ Rudolf Augstein og Georg Wolf: „*Spiegel*-viðtalið“, bls. 29.

¹²⁵ Andri Snær Magnason: *Draumalandið – Sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð*, bls. 257.

tölvusamskiptavefurinn „Facebook“ og það mætti halda að Heidegger væri að skrifa beint um hann í klausu sem finna má í „Endalokum heimspeki og verkefni hugsunar“:

Það þarf ekki spádómsgáfu til að sjá að vísindin sem nú eru að festa sig í sessi verði bráðum ákvörðuð og þeim stjórnað af nýjum grunnvísindum sem kallast stýrifræði. Þessi vísindi bregðast við ákvörðunum manna sem félagsvera. Kenningin fjallar um yfirráð, skipulag og skipan vinnuafis. Stýrifræði breytir tungumáli í fréttaveitur. Listum verður stjórnað eða verða að tækjum til stjórnunar upplýsinga.¹²⁶

Að sjálfsögðu er hægt að gagnrýna Heidegger fyrir of mikla einföldun á ástandi heimsins. Það er ekki endilega rétt að með tilkomu tækninnar hafi maðurinn tekið henni opnum örmum og umsvifalaust hafnað guði og listum í kjölfarið, vegna þess að fjöldamenningin greip hann. En ef maðurinn er það einfaldur að vera slíkur leiksoppur örlaganna, er harla ólíklegt að hann sé á annað borð að velta því fyrir sér hvort sá sannleikur sem hann telji að sé sannleikur verunnar sé litaður af sinni eigin veru og hann hafi því skekka sýn á veru heimsins og sannleikann. Ef manninn vantar alla dýpt eftir tilkomu tækninnar er rétt eins líklegt að hann skilji ekki neitt í hugsun Heideggers.

Andri Snær virðist í *Draumalandinu* tala til lesenda sinna eins og upplýstra einstaklinga sem þurfi bara að muna að slökkva á vélinni þegar hún þjónar ekki tilgangi sínum lengur. Í ritum Heideggers er alls ekki eins víst hvað honum sjálfum finnst um lesendur sína.

Ef Heidegger hefur rétt fyrir sér og mannkynið er guðlaust og allslaust í heimi fjöldamenningar, neyslu og tækni, hefur það alls ekki rænu á að koma sér út úr þessu hræðilega ástandi, og kemur því ekki til með að skilja leiðbeiningar Heideggers. Það liggur því beinast við að spyrja: Fyrir hverja var Heidegger að skrifa tækniádeilu-heimspeki sína?

Þeir sem skilja textann þurfa ekki þessar leiðbeiningar, því þeir eru annað hvort alls ekki guðlausir, tæknisinnaðir fjöldamenningar- og neyslusinnar, eða eru fullfærir um að átta sig á þessu sjálfir þegar tíminn er réttur fyrir þá. Þeir sem passa inn í lýsingar

¹²⁶ Martin Heidegger: „Endalok heimspeki og verkefni hugsunar“, bls. 434, þýðing mín.

Heideggers eru á bólakafi í hinni hrörlegu heimsmynd sem hann lýsir og komast hvergi, þótt svo ólíklega vildi til að þeir myndu slysast til að lesa texta Heideggers (í stað þess að fylgjast spenntir með dagskrá kvöldsins í sjónvarpinu).

Mögulega vill hann að minnihlutinn reyni að kenna meirihlutanum og textinn sé nokkurs konar áminning um það. Þannig væri hægt að flokka hann með ýmsum trúar- eða siðfræðitextum, sem benda fólki á heilbrigða skynsemi sem það veit vel af, en þarf að láta minna sig á. Textar Biblíunnar, Kóransins, og trúarrit hindúisma, daóisma og búddisma ganga út á að vera innblástur fyrir manninn í þrengingum og innihalda sama grunnboðskapinn: Það er betra að vera góður en slæmur, þú færð það til baka sem þú gefur frá þér, elskaðu náungann eins og sjálfan þig, ... og svo framvegis.

Ef *Framlög til heimspekinnar (Um Viður-eygnina)* er slíkur texti er hann einhvers konar guðfræði, eða að minnsta kosti siðfræði, þótt um engin eiginleg trúarbrögð sé að ræða. Heidegger sjálfur viðurkenndi svart á hvítu í „*Spiegel*-viðtalinu“ að einungis meðvitund okkar um guðleysi heimsins gæti bjargað okkur, því þá gætum við farið að búa okkur undir birtingu síðasta guðsins, eða deyja ella meðvituð um guðleysið:

Heimspekin mun ekki geta haft bein áhrif til að breyta núverandi heimsástandi. Þetta á ekki bara við um heimspekina, heldur allar vangaveltur og tilburði mannanna. Einungis annar guð getur bjargað okkur. Eini möguleikinn sem við eigum, í hugsun og í skáldskap, er að fara að búa okkur undir birtingu guðsins eða fjarveru hans þangað til; svo að við förumst fyrir augliti hins fjarverandi guðs.¹²⁷

Hann hafnar því svo að heimspekin hafi lausn á reiðum höndum, en lýsir þó aðferð hugsunarinnar sem getur gert okkur meðvituð um þá firringu sem er að eiga sér stað í heiminum:

Heimurinn getur ekki verið það sem hann er og svo sem hann er fyrir tilstuðlan mannanna, né heldur getur hann það án mannanna. Mér virðist þetta tengast því, að það sem ég hef nefnt því hefðbundna, margræða og núorðið þvælda orði „veran“ þarf á mönnunum að halda til að opinberast, vara og byggjast upp. Eðli tækninnar sýnist mér vera fólgið í því sem ég nefni „skorður“, orðalag sem oft er hlegið að og er ef til vill ómeðfærilegt. Veldi skorðanna þýðir að mennirnir eru skorðaðir, nytjaðir og þeir skoraðir á hólmi af kröftum sem opinberast í eðli

¹²⁷ Rudolf Augstein og Georg Wolf: „*Spiegel*-viðtalið“, bls. 31.

tækninnar og sem þeir sjálfir ráða ekki yfir. Eina krafan til hugsunarinnar er að hún aðstoði við að afla þessa skilnings. Allri heimspeki er þá lokið.¹²⁸

Það kemur hvergi beint fram í textum Heideggers sem fjalla um tæknina hvers vegna veröldin eftir tæknivæðinguna er svo slæm, að öðru leyti en að guðirnir hafi flúið eftir að náttúran spilltist, og allt er orðið að hráefni.¹²⁹

Það er þó rétt að benda á eitt enn sem tapast við það að allt verði hráefni. Hugsunarháttur fólks á það til að brenglast við að hugsa um hvað þeir mögulega geti grætt á viðkomandi hlut, og því tapast alls kyns blæbrigði mannlífsins sem alls ekki ætti að verðleggja. Allt er þá hægt að smætta niður í tvennt: Gróðavænlegt og ógróðavænlegt.

Í slíkum heimi hverfa gildi þeirra hluta sem eru ókeypiss. Dæmi um slíkt væri góð heilsa. Ef heilsugæsla væri ókeypiss myndi stór hópur fólks snúa við henni baki, sem einhverju sem þyrfti að sinna, því engin von væri til þess að græða á henni peninga. Að reka góða heilsu manna eins og fyrirtæki er dæmi um mjög mikla hnignun nútímans, og er því miður orðið að reglu fremur en undantekningu í stórum hluta heimins í dag.

Þjóðfélög nútímans hafa tekið langt fram úr því ástandi sem Heidegger var að gagnrýna, og kannski má einmitt rekja kapítalisma nútímans til tækninnar og þeirra öru framfara sem Heidegger gagnrýndi hve mest. Hver veit? Hann hefur því víst að öllum líkindum haft eitthvað til síns máls.

6. Lokaorð/Niðurstöður

Í *Framlöggunum* fjölyrðir Heidegger um þörf mannsins fyrir einhvers konar aðferð til verurannsókna, og þar má einnig finna útskýringar á Viður-eigninni, á notkun hennar og möguleikum. Hann er sérstakur fræðimaður og heimspekingur sökum þess að hann rökstyður stundum alls ekki kenningar sínar heldur slengir þeim fram af áfergju, og fer svo fögrum orðum um árangurinn sem af hlýst ef á hann er hlustað. Það mætti alveg kalla skrif Heideggers í *Framlöggunum* fallegan, fyrirbærafræðilegan leik að

¹²⁸ Rudolf Augstein og Georg Wolf: „*Spiegel*-viðtalið“, bls. 31.

¹²⁹ Sjá til dæmis „Spurningu er varðar tækni“, bls. 313.

orðum og ljóðrænar hugleiðingar, sem í raun sé ómögulegt að henda reiður á, sanna eða afsanna. Sökum tímans sem tók að skrifa *Framlögin*, og að hann var leika sér með hugmyndir sem hann notaði svo annars staðar, má fullyrða að ritið mun seint flokkast sem hefðbundið heimspekirit. Engu að síður getur verið gagnlegt að lesa það, því það varpar ljósi á og dýpkar ýmsar hugmyndir sem birtast í síðari ritum hans, og gefa jafnvel mynd af því hvernig þær urðu til.

Eðli fyrirbærafræðinnar samkvæmt birtast hugmyndir Heideggers sérstaklega hverjum þeim sem tileinkar sér þær. Því gæti ríkt fullkomið afstæði um kenningar Heideggers um Viður-eign, rétt eins og erfitt er að færa sönnur á að við upplifum öll sama litinn þegar við horfum á eitthvað sem er „rautt“. Verkefni mitt fólst í að reyna að skýra hvað Heidegger meinar þegar hann talar um Viður-eign, og hvort yfir höfuð eitthvert vit sé í henni. Þær kenningar er hægt að ræða fram og aftur og vera sammála sumu og finnast annað hæpið og varla ganga upp þegar á reynir. Þó er nauðsynlegt að spyrja hvers vegna Heidegger telji svo mikilvægt að bjóða mannkyninu upp á Viður-eign sem aðferð. Þá þyrfti líka að svara eftirfarandi spurningu: Er einhver leið fyrir mannkynið að vita nokkuð um það hvort og hvenær fíringin er orðin það mikil að ekki sjái út úr henni til að taka þær ákvarðanir sem þarf til að bjarga sér? Heimsendaspár hafa fram á þennan dag aldrei verið staðfestar, og ef svo yrði væri fullseint í rassinn gripið.

Margir vilja eflaust halda því fram að mannkynið sé löngu komið fram úr sjálfu sér í mannfjölda og mengun, og lítið sé hægt að gera annað en að krossa fingur og vona það besta. Samt eru *Framlögin* skrifuð á miðjum fjórða áratug tuttugustu aldar, fyrir rúmum sjötíu árum, og eru langt því frá eina ritið (og Heidegger alls ekki eini höfundurinn) sem gagnrýnir hraða og fíringu mannsins. Það er samt nokkuð sérstakt að lesa harða gagnrýni á iðnbyltinguna og tækniframfarir með allt það í huga sem hefur átt sér stað eftir dauða Heideggers. Hann hræðist sér í lagi rafeinda- og stýrifræði (sem er ekkert annað en tölvufræði dagsins í dag) og varar við henni,¹³⁰ en hún var engu að síður komin ansi skammt á veg árið 1976 er Heidegger lést.

Framlögin opna fyrir umræðu um hugsun úr óvæntum og óhefðbundnum áttum, rétt eins og Andri Snær gerði með *Draumalandi* sínu, og mörg rit búddista og daðista

¹³⁰ Til dæmis í „Endalokum heimspeki og verkefni hugsunar“ og „*Spiegel*-viðtalinu“.

gera einnig. Slík rit innihalda alltaf mikilvægar hugleiðingar fyrir fólk sem þarf leiðsögn til að einbeita sér svo þeir týni sér ekki í hringiðu nútímalífs.

Vert er að rifja upp rannsóknarspurningarnar frá því í byrjun, og reyna að takast á við þær, að hluta til að minnsta kosti: Er Viður-eignin nothæft tæki til verurannsóknna, til endurnýjunar hugsana og í baráttu við klisjur og firringu? Bæta *Framlögin* einhverju við þá heimspeki Heideggers sem þegar hafa birst í öðrum ritum hans?

Það er varla hægt að „sanna“ með vísindalegum rökum eitthvað á borð við kenningar Heideggers um Viður-eignina, sem hér hafa verið kynntar, en það er kannski ekki þörf á því, og Heidegger tæki áreiðanlega ekki mark á slíkum rökum sjálfur. Viður-eign, sem felst í því að fjarlægjast líðandi stund í huganum með hjálp nýrra orða til að viðhalda ferskleika hugsunarinnar, er líkast til eins nauðsynlegt sumum og guð er öðrum, og guð verður seint sannaður eða afsannaður. Það má vel halda því fram að öll bók Heideggers, með hinum metnaðarfulla titli *Framlög til heimspekinnar (Um Viður-eignina,)* hafi ekki nógu mikið fram að færa sem sjálfstætt heimspekirit og viðbót við áður útgefnar kenningar hans, en hana má þó allavega nota til að þjálfa hugann fyrir þá sem vilja viðhalda ferskleika sínum.

Heidegger er illa við frumspeki sem slíka, því honum finnst of mikil áhersla hafa verið lögð á hana síðan Aristóteles og Platon voru að fjalla um sínar frumspekilegu þælingar. Í kjölfar þeirra fór ákveðin heimspekihefð af stað og þaðan er hægt að rekja hartnær alla Vestræna heimspeki til dagsins í dag. Sú heimspeki sem átti sér stað á undan Platoni og Aristótelesi er laus undan þessari línulegu röð hugsana, og því er hún opnari og óskilgreindari. Frumspeki Aristótelesar og Platons gat af sér allar mögulegar undirgreinar heimspekinnar, en þær eru þó aldrei lausar undan þeirri upphafshugsun sem þær spruttu af. Heidegger vill stökkva aftur fyrir kenningar Aristótelesar og Platons til að vera frjálshari og losna undan því að „fara aftast í röðina“ sem hluti af allri heimspekisögunni. Hann byrjar annars staðar, á undan hinni línulegu heimspekisögu Vesturlanda, en önnur byrjun er samt sem áður líka viðbragð við Aristótelesi og Platoni. Viðbragð Heideggers má vera önnur byrjun, annars staðar frá, frá nýjum upphafsreit sem liggur framar á sögulegri línu, en engu að síður er þetta viðbragð við þeirri heimspeki sem komin er beint frá Platoni og Aristótelesi. Stökk Heideggers verður að vera frá einhverjum upphafspunkti, og hann er „aftast í

röðinni“. Það er ekki nokkur leið að losna undan því sem á undan er gengið nema að verða sér út um tímavél og Ereignis gerir okkur ekki kleift að ferðast í tíma, þótt það geri okkur kleift að fjarlægjast viðfangsefnið um stundarsakir, með því að gera okkur meðvituð um stöðu okkar gagnvart því. Sá hluti tilraunar Heideggers sem fólst í því að bjóða upp á aðferð, (Viður-eignina), til að komast hjá því að vera fastur í skilgreiningarneti heimspeki nútímamannsins hefur því ekki tekist fyllilega. Meira að segja hann sjálfur viðurkennir að önnur byrjun sé byggð á þeirri fyrstu og þurfi á henni að halda. Maðurinn þarf líka á firringu að halda til að átta sig á guðleysi sínu, og fá ef til vill aftur áhuga á að nálgast grunn sinn og rætur.

Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur; einn af þessum málsháttum sem bara þeir sem hafa misst eitthvað skilja. Enn ein andstæða og klifun í kenningum Heideggers. Kenningar hans eru fyrir hina rótlausu, guðlausu níhilista sem vita hvað þeir hafa misst og vilja fá aftur rætur og guð – vilja upplifa aftur andagift. Hinir guðlausu skilja Heidegger, því kenningar hans hringja einhverjum bjöllum, og þeir kannast við það sem þeir voru að leita að. Hinir, sem ekki þurfa að finna meira fyrir guði eða rótum í lífi sínu færðu varla að leita þeirra hvort eð er. Heidegger er því einungis að skrifa kenningar sínar um Viður-eignina fyrir þá sem eru að leita að slíkum skrifum. Þú hjálpar bara þeim upp, sem finnst hann vera að drukkna!

Á einum stað í kenningu Heideggers um Viður-eignina mætti (ef fyrir því væri vilji) lesa tvíhyggju. Heidegger byggir aðferðir Viður-eignarinnar, á frestun og afturfærslu með orðum, á kenningum Husserls í fyrirbærafræði, og því er í leiðinni hægt að rekja tvíhyggjuna alla leið þangað. Fyrirbærafræðileg frestun og afturfærsla gengur út á að betra sé að skilja hluti ef maður nái að draga sig út úr þeim og öðlast þannig fjarlægð, til að vera ekki sjálfur partur af því sem á að skoða. Við það að fjarlægjast það sem rannsaka á minnki nefnilega líkurnar á því að maðurinn skyggi sjálfur á rannsóknina. En ef betra er að fjarlægja sig viðfangsefninu hlýtur maðurinn sjálfur að vera annars eðlis en rannsóknarefnið, hvað sem það er, því annars væri ekkert að því að maður sjálfur væri hluti af því sem verið er að skoða og skilgreina.

Samkvæmt kenningum Heideggers búa maður og heimurinn sem hann tilheyrir til það sem Heidegger kallar Da-sein og er Da-sein blanda af veru manns og heims, og veran tilheyrir heiminum og heimurinn verunni, ásamt því sem þau eru hvoru tveggja

þau sjálf. Blöndun veru og heims ætti samkvæmt Heidegger að vera alger, því vera getur ekki verið til nema á einhverjum stað, og þessi staður er óneitanlega heimurinn. Ef vera og heimur væru nú algerlega það sama væri bara betra að maðurinn væri hluti af því sem hann þyrfti að skoða, rannsaka og skilgreina, því þá væri hluturinn/hugtakið bara *enn* meira það sem það væri, með manninn innanborðs. Ef nauðsynlegt reynist fyrir manninn/veruna að hugsa „sig“ út úr öllu því sem hugsa á um, hlýtur það að benda til þess að „efnishluti“ og „hugsunarhluti“ mannsins séu ólíkir og geti aðskilist. Ef maðurinn nær að hugsa sig og hugsunina í burtu, til að öðlast fjarlægð á allt sem er og á sjálfan sig í leiðinni (að því gefnu að Da-sein sé heimur og maður og allt sé það úr samskonar efni), þá erum við komin með ákveðna útgáfu af tvíhyggju.

Ef maðurinn ætlar að ná að komast út úr þeim hugtökum sem hann hefur notast við og hefja annað upphaf hugsunar, verður hann að nota ný/önnur nöfn á hlutina. Þegar Heidegger býr til nýtt orð virkar það eins og nýtt/annað upphaf. Hugurinn fer aðra leið en venjulega ef fyrsta orðið er nýtt og áður óskilgreint: Það má vera að Heidegger vilji helst af öllu fjalla um veruna, en á undan slíkum rannsóknum kemur alltaf eitthvað orð eða hugtak sem hann telur sig þurfa. Til að útskýra angist í „Hvað er frumspeki?“ bjó hann til orðið *neind*. Til að útskýra veruna í *Veru og tíma* bjó hann til *Dasein*. Til að útskýra nýja tegund veru, annað upphaf verunnar í *Framlögum til heimspeki* bjó hann til *Ereignis* eða *Viður-eign*. Þegar upphafið hefur verið skýrt með orði sem hefur ekki áður verið notað á þennan hátt er framhaldið algjörlega nýtt líka. Orð hafa meiri völd en hugsanir, því hugsanir breytast eftir því hvaða orð eru notuð.

Það er samt ákveðin mótsögn fólgin í þessu líka, því hvaðan koma nýju orðin sem stýra nýjum hugsunum? Þessi orð eru ekki fullmótuð í himingeimnum og koma svo flögrandi og bíða þess að mennirnir grípi þau og noti til að hefja nýja hugsun með þeim. Heidegger leggur áherslu á mikilvægi tungumáls og orða, en samt viðurkennir hann að tungumál og maðurinn séu samofin og hvorugt geti án hins verið og hvorugt stýri hinu, því þau séu bæði hluti af Verunni. Að því gefnu að hugsanir séu hluti af manninum þá þýðir þetta að hugur og orð séu tveir hlutar af veru og hvorugt stýri hinu. Engu að síður er stór hluti kenningar Heideggers að ljóðskáldin hafi meira vægi en aðrir, þegar kemur að tungumálinu. Það er eins og honum finnst þeir sem hafi gott vald á tungumáli hafi greiðari aðgang að veru, og orðin þeirra stjórni hugsunum sem

auðveldi að komast á nýjar, ótroðnar slóðir. Samt er þetta allt einn órjúfanlegur samtvinnaður heimur verunnar, þar sem ekkert má skilja frá og allt tengist.

Hvers vegna flækjum við líf okkar svona mikið, þegar við vitum vel að ekkert okkar lifir að eilífu? Óraunhæfar kröfur á sjálf okkur og aðra, stjórnsemi, afskiptasemi, öfund, græðgi, kvíði og óþarfa áhyggjur, fyrir utan auðvitað stress, eru allt fylgifyskar mannkynsins í nútímanum og ættu í raun fremur að útskýra það sem mannum finnst og þær ákvarðanir sem hann tekur heldur en of örar tækniframfarir! En tæknin hefur eflaust ýkt upp sumar þessara kennda. Ef manneskja getur mögulega grætt meira þá gerir hún það (græðgi), og þá verður nágrennið fúll (afskiptasemi og öfund). Við reynum alltaf að fá sem mest með sem minnstum tilkostnaði á sem skemmstum tíma (kröfur og stress) og ef það tekst illa til verðum við áhyggjufull og kvíðum því að við töpum öllu sem við erum búin að græða. Við gerum allt sem við getum til að koma okkur sjálfum og okkar nánustu sem lengst í lífinu (stjórnsemi og afskiptasemi) og af því við erum á fullu til að tapa nú hvorki peningum, samböndum né geðheilsu endum við sem ofur-stressaðir einstaklingar. Allt þetta gerum við til að „búa í haginn fyrir framtíðina“, svo við getum loks „notið áhyggjulauss ævikvölds“. En þetta er nákvæmlega sú hugsunarbúnaður sem Heidegger hefur komið auga á. Það er ekki um neitt annað að ræða en núverandi stund, en við höfum ekki aðgang að núinu fyrir firringu heimsins. Heidegger kys þess vegna að gefa okkur eins konar leynileið, inn í bakherbergi tilverunnar, þar sem hægt væri að dvelja, óáreiður frá öllu ruglinu. Heidegger veit vel að við komum okkur í vandræði með því að hugsa of mikið, og nú þurfum við bara að afhugsa okkur út úr þeim aftur. Heidegger stingur upp á því að við hugsum minna, sýnum svolítið aðhald, og þegar við erum orðin nógu róleg biður hann okkur um að hugsa ekki neitt og þá finnum við guðina okkar í hugarskógarrjóðri. Viður-eignin og allt það ferli er feldurinn sem við skrífum undir til að sjá skýrt. Leiðbeinandi spurning hinnar fyrstu byrjunar er: Hvað er veran? Aftur á móti er grundvallar-spurning annarrar byrjunar: Hvernig heldur veran áfram að vera? Tíminn er naumur fyrir hvern einstakling verunnar því öll erum við jú dauðvona, en ef til vill náum við að bjarga heildinni, með því að hugsa um Veru alls sem er, en ekki okkur sjálf. Ef þetta reynist vera sú björgun sem Heidegger sækist eftir með Viður-eign sinni er hér eiginlega komin fullkomin verufræði jafnaðar, en ekki guð/verufræði.....ekki endilega.

Það má líka túlka *Framlögin* á mjög róttækan hátt: Orðin eru mikilvægust alls sem er því þau hafa áhrif á sjálfa veruna og hugsanir okkar. Með því móti eru það þau sem færa okkur aftur guð, þegar við höfum afhugað firringuna og heimt náttúruna úr greipum nútímataekni. Orð stýra því guði og eru því æðri en allt annað. Orðin eru því guð, og guð er hvort eð er bara orð!

Í framhaldi af þessum þælingum mætti ef til vill líkja Viður-eign við stefnumót. Stefnumót í orðsins fyllstu merkingu merkir sá staður þar sem tvær stefnur mætast, en þó ekki eins og krossgötur, því ekki er um vegi eða götur að ræða, heldur eitthvað annað. Stefnumót er þegar tvær eða fleiri manneskjur/hlutir/hugmyndir mætast og hittast og jafnvel blanda sér saman svo út komi ný stefna, ný átt, eitthvað nýtt. Viður-eign Heideggers er nokkurs konar stefnumót veru manns í heimi við heiminn. Þar sem Viður-eignin inniheldur einhver átök, er um að ræða viðskipti sem togast sífellt á. Vera vill ráða yfir heimi og heimur yfir veru og í raun ráða bæði yfir hinu, sem gerir að verkum að bæði ráða og hvorugt ráða – á nákvæmlega sama tíma. Við þess kyns stefnumót er núningur eins og verið sé að senda rafstraum fram og til baka og útkoman er ljós!

Ljósið er til komið vegna þess að Heidegger vill skilja allt og vill líka að allir hinir skilji allt. Honum finnst að ljósið vanti, og því komi fólk ekki lengur auga á hluti og veru þeirra. Fólk giskar í hálförökrinu, rétt eins og í helli Platons, og sér ekki handa sinna skil til að segja rétt frá, en í stað þess að finna aðferð til að varpa fullu ljósi á allt, lýsir fólkið heiminum eins og það heldur að hann sé. Birtuskilyrði spilla raunveruleikanum og útkoman er langt frá því að vera rétt.

Þessi lýsing er raunsæ lýsing á nútímaheimi, þar sem við vitum innst inni að verið er að hugtaka allt rangt og lýsa engu. Heidegger hefur útskýrt neindina sem veru þess sem ekki er.¹³¹ Nú tekur hann þessa hugsun enn lengra og yfirfærir hana á heiminn: Hugtök sem lýsa heiminum eins og hann er ekki hljóta að vera hugtök byggð á Neind, og benda þá í leiðinni á andstæðu sína; Mögulegan heim, sem *hægt er* að lýsa eins og hann er, og slíkan heim er að hans mati hægt að kalla fram með annarri byrjun. Myrkrið sannar ljósið og ljósið sannar myrkrið. Hér er heimspeki Heideggers eins og samræður Sókratesar við gangandi vegfarendur. Þeir héldu allir að þeir vissu eitthvað

¹³¹ Sjá Martin Heidegger: „Hvað er frumspeki?”

en komust að því að einmitt það sem þeir vissu ekki var það sem kom þeim á réttar slóðir varðandi það sem leitað var að.

Heimspeki Heideggers er eins og skuggi manns sem skreppur alltaf undan þegar maður snýr sér við til að sjá hann, eða sem myrkrið í ísskápnum sem hverfur alltaf fyrir ljósinu, sama hve hratt maður reynir að opna ísskápshurðina! Ljósið sannar að myrkrið er til, þótt fjarvera myrkursins sé alger, og aldrei sjáist nema ljós. Að vita af myrkrinu sem nauðsynlegri andstæðu ljóss er nægjanleg sönnun. Enginn sér sinn eigin skugga nema snúa baki í birtugjafann. Skugginn sannar ljósið og ljósið sannar skuggann.

Í greininni „Dasein“ eftir Thomas Sheehan, í *A Companion to Heidegger* er lítil klausa um upprunalegu merkingu orðsins *Lichtung* í þýsku:

Upprunaleg merking *Lichtung* er hverslags kyrrstæð opnun (til dæmis gluggi) sem hleypir inn ljósi. En það merkir að opnunin varpar ljósi á hlutina í herberginu með því að leyfa ljósi að skína inn og sýna þá eins og þeir eru.¹³²

Ef merking opunarinnar var „óljós“, tekur þetta af allan vafa um hvað Heidegger á við með opnuninni, því opinn gluggi sem hleypir ljósi inn er alveg skýrt. Heidegger er þó ljóðrænn þegar hann tjáir sig um opnunina og hugmynd hans um að opnunin sé í skógi, eins og rjóður, á betur upp á pallborðið hjá honum, enda notar hann skógarrjóðralíkingar sínar í mörgum ritum sínum. Hann hefur einfaldlega rambað á líkingamál sem hentar honum, og finnst það sambærilegt við það hugarrými sem maðurinn þarf til að sjá ljósið falla á óupplýsta hluta heimsins.

Ef við tengjum tungumálið, sem að mati Heideggers er allt úr sér vaxið, við villtan skóg er í fyrsta lagi gott fyrir okkur að ryðja rjóður þar sem við getum dvalist í á meðan við erum að ákveða hvað við eigum að gera næst. Í öðru lagi skín þá ljós inn í skóginn svo við sjáum betur til þegar við höfum fundið út hvað okkur ber að gera, og loks hefur, í þriðja lagi, allur gróður gott af grisjun. Ef maðurinn hefur þar fyrir utan týnt skógarstígum sínum inn á milli ofvaxinna plantna sökum þess að hann vanrækti of lengi að snyrta þær, þá er sennilega ekkert að því að fara í saumana á því hvaða tré þurfi að snyrta og hver þeirra séu í lagi.

¹³²Thomas Sheehan: „Dasein“, bls. 201, þýðing mín.

Ég tel í raun að Heidegger gæti vart fundið sér betra líkingarmál þegar maður loks hefur áttað sig á því hvað hann meinar.

7. Viðauki

Heidegger skrifar mikið um Hölderlin og í *Framlögum* er hann innblásinn af stíl hans og skrifar því svolítið *eins og* Hölderlin. Það er þó sjaldgæfara að komast yfir ljóð Heideggers þar sem hann bókstaflega fetar í fótspor Hölderlins, en íslenskar þýðingar á nokkrum slíkum gerði Þorsteinn Gylfason árið 1964. Gefum Þorsteini orðið:

[...]Línurnar um stofnana í skóginn sem Heidegger hefur eftir honum í Hugraunum eru komnar úr drögum skáldsins að leikriti sínu Empedókles á Etnu, og standa í útgáfu Hellingrahts á verkum þess II, 551. Þetta skrifaði Heidegger mér haustið 1964, en þá hafði ég leitað dögum saman og árangurslaust að línunum í þeim heildarútgáfum á Hölderlin sem til voru í Reykjavík, og var farinn að trúá því að karl væri tekinn að yrkja kvæði Hölderlins eftir hentugleikum, sem mér þótti alveg eftir honum eins og hann fór með Parmenides og Platón í túlkunum sínum á þeim. Í sama bréfi gaf Heidegger mér leyfi til að birta þýðingu mína á Hugraunum, og fleiri þýðingar á verkum sínum, í íslenzku tímariti þótt ekkert hafi orðið af því fyrr en núna þegar hann er orðinn hundrað ára.¹³³

Þessi texti birtist í hausthefti *Tenings –Vettvangs fyrir listir og bókmenntir*, árið 1989, í stuttri grein um Heidegger sem kallast „Martin Heidegger“ og birtist ásamt þýðingu á ljóðabálki eftir Heidegger sem Þorsteinn kallar „Hugraunir“. Í greininni verður að teljast mjög athyglisvert að Þorsteinn talar einatt um bókina *Vist og tíð* eftir Heidegger, og á þá við *Sein und Zeit* sem yfirleitt er þýdd sem *Vera og tími* á íslensku. Ég er þó ekki frá því að mér líki betur við *Vist og tíð*, en líklega er það oft bara hendingu háð hvaða þýðingar festa sig í sessi í tungumáli. Erindi Hugrauna, sem Þorsteinn minnst á að innihaldi ljóðlínur frá Hölderlin er svona:

Þegar kvöldroðinn, sem einhvers staðar fellur
Inn í skóginn, gyllir stofnana...

¹³³ Þorsteinn Gylfason: „Martin Heidegger“ bls. 42.

Söngur og hugsun eru tveir stofnar skáldskaparins.

Þeir eiga rætur í verunni og teygja limið

í sannleika hennar.

Staða þessara stofna leiðir hugann að því,

sem Hölderlin syngur um skógartrén:

„Og viðarstofnar verða í návíst sinni

ókunnir hver öðrum meðan þeir standa“¹³⁴

Annað ljóð Heideggers fjallar um tengd málefni og þau sem skrifað er um í þessari ritgerð:

Þegar vindurinn, sem allt í einu hefur snúizt,

Nöldrar í bjálkum kofans, leiðindaveður...

Hugsuninni ógna þrjár hættur.

Hin fyrsta er holl og góð: návíst hins

syngjandi skálds.

Önnur er ill og háskalegust: hugsunin sjálf.

Hún verður að hugsa gegn sjálfri sér, en það

magnar hún sjaldan.

Hin þriðja er vond og villugjörn: heimspekin.¹³⁵

¹³⁴ Þorsteinn Gylfason: „Martin Heidegger“ bls. 45.

¹³⁵ Þorsteinn Gylfason: „Martin Heidegger“ bls. 44.

Heimildaskrá

i. Frumheimildir

Heidegger, Martin: „The Age of the World Picture“ [1938] í *The Question Concerning Technology and Other Essays*, Harper Torchbooks, 1977.

Heidegger, Martin: *Basic Writings*, London, Routledge, 1993.

Heidegger, Martin: *Being and Time*, Albany, State University of New York Press, 1996.

Heidegger, Martin: *Contributions to Philosophy (From Enowning)*, Bloomington og Indianapolis, Indiana University Press, 1999.

Heidegger, Martin: „Die Zeit des Weltbildes“, í *Holzwege*, Frankfurt am Main, Vittoria Klosterman, 1963.

Heidegger, Martin: „Hvað er frumspeki?“, óútkomin þýðing, þýðandi: Magnús Diðrik Baldursson.

Heidegger, Martin: *Identity and Difference*. Chicago og London, The University of Chicago Press, 2002.

Heidegger, Martin: *On time and being*, New York, Harper Torchbooks, 1972.

Heidegger, Martin: *Poetry, Language, Thought*, New York, Hagerstown San Francisco, London, Harper Colophon Books, 1971.

Heidegger, Martin: *Sein und Zeit*, Tübingen, Max Niemeyer Verlag, 1963.

ii. Aðrar heimildir

- Andri Snær Magnason: *Draumalandið*, Sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð, Reykjavík, Mál og menning, 2006.
- Augstein, Rudolf og Wolf, Georg: „Einungis annar guð getur bjargað okkur – viðtal *Der Spiegel* við Martin Heidegger“, 1966, útkomin þýðing, þýðandi: Kristján G. Arngrímsson.
- De Beistegui, Miguel: „The Transformation of the sense of Dasein in Heidegger’s Beiträge zur Philosophie (Vom Ereignis)“ *Research in Phenomenology*, 2003, 33, Research library, 2003.
- Descartes, René: *Orðræða um aðferð*, Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag, 1998.
- Dreyfus, Hubert L., Hall, Harrison (ritstj.): *Heidegger: A Critical Reader*, Oxford og Cambridge, Blackwell Publishers, 1993.
- Dreyfus, Hubert L., Wrathall, Mark A. (ritstj.): *A Companion to Heidegger*, Malden, Oxford og Victoria, Blackwell Publishers, 2005.
- Elden, Stuart: „Taking the Measure of the Beiträge : Heidegger, National Socialism and the Calculation of the Political“, í *European Journal of Political Theory* 2: 35, London, SAGE Publications, 2003.
- Froment-Meurice, Marc: *That is to say: Heidegger’s Poetics*, Stanford, Stanford University Press, 1998.
- Guignon, Charles B. (ritst.): *The Cambridge Companion to Heidegger*, Cambridge, Cambridge University Press, 2006.
- Hofstadter, Albert: „Enownment“, í *boundary 2*, Vol.4, No.2, Martin Heidegger and Literature, Duke University Press, 1976.
- Hölderlin, Friedrich: *Lauf súlanna*, Reykjavík, Haukur Hannesson, 1997.
- Inwood, Michael: *A Heidegger Dictionary*, Malden, Oxford og Victoria, Blackwell Publishing, 2006

- Inwood, Michael: *Heidegger, A Very Short Introduction*, Oxford, Oxford University Press, 1997.
- Krummel, John W. M.: „Representation and Poiesis, The Imagination in the later Heidegger“, í *Philosophy Today*; Fall 2007; 51,3; Research Library, 2007.
- May, Reinhard: *Heidegger's hidden sources*. London og New York, Routledge, 2005.
- Merleau-Ponty, Maurice: „Formáli að Fyrirbærafræði skynjunarinnar“ í *Hugi* 20. ár, 2008, s. 113-126, þýð. Jón Laxdal Halldórsson, Páll Skúlason og Björn Þorsteinsson.
- Nietzsche, Friedrich: *Handan góðs og ills*, Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag, 1994.
- Nietzsche, Friedrich: *Svo mælti Zaráþústra*, Bók fyrir alla og engan, Reykjavík, Heimspekistofnun Háskólaútgáfan, 1996.
- Palmer, Richard E.: *Hermeneutics – Interpretation Theory in Schleiermacher, Dilthey, Heidegger, and Gadamer*, Evanston, Northwestern University Press, 1969
- Platon: *Ríkið, Síðara bindi*, Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag, 1991.
- Ragnheiður Eiríksdóttir: *Tónlist sem tákn um möguleika og frelsi – Tónlistarfrumspeki Arthurs Schopenhauer*, Lokaritgerð til BA-prófs í heimspeki, leiðbeinandi Sigríður Þorgeirsdóttir, Háskóli Íslands, 2002.
- Safranski, Rüdiger: *Martin Heidegger: Between Good and Evil*, Cambridge, Massachusetts og London, England, Harvard University Press, 2002.
- Schopenhauer, Arthur: *The World as Will and Idea*. London, Kegan Paul, Trench, Trübner and Co. Ltd., 1954.
- Scott, Charles E., Schoenbohm, Susan, Vallega-Ney, Daniela, Vallega, Alejandro: *Companion to Heidegger's Contributions to Philosophy*, Bloomington og Indianapolis, Indiana University Press, 2001.

Young, Julian: „Schopenhauer, Heidegger, art, and the will“, í Schopenhauer, philosophy, and the arts. Ritsj. Dale Jacqueline. Cambridge, Cambridge University Press, 1996.

Zahavi, Dan: *Fyrirbærafraði*, Reykjavík, Heimspekistofnun, Háskólaútgáfan, 2008.

Þorsteinn Gylfason: „Martin Heidegger“, í *Teningur –Vettvangur fyrir listir og bókmenntir*, 8. hefti, haust 1989.

Þorsteinn Gylfason: „Hugraunir, eftir Martin Heidegger í þýðingu Þorsteins Gylfasonar“, í *Teningur –Vettvangur fyrir listir og bókmenntir*, 8. hefti, haust 1989.